



# LEIÐTOGINN Í SKÓLASTARFI

Þekkingarskýrsla af menntaráðstefnunni

*uLead 2019* í Banff (Alberta, Kanada)

12.-14. maí 2019



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfirði í júní 2019

© Skrifstofa fræðsu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar

Myndir: © Vigfús Hallgrímsson, utan mynda af fyrirlesurum og hópmyndir á bls. 36 og 37.

Umbrot: Vigfús Hallgrímsson

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur .....	4
1. Stutt og snaggaraleg ferðasaga .....	5
2. Hafnarfjörður á <i>uLead 2019</i> .....	6
3. Ráðstefnuáherslur .....	7
4. Ráðstefnan og aðalfyrirlestrarnir .....	10
5. Raddir íslensku þátttakendanna.....	23
Viðauki.....	31
Viðauki 1: Samstarfsverkefni Íslands og kennarasamtaka Albertafylkis.....	32
Viðauki 2: Samvinnuverkefni Alberta og Íslands.....	33
Viðauki 3: ALICE.....	34
Viðauki 4: Heimsókn.....	36
Viðauki 5: Íslensku þátttakendurnir .....	37

# Inngangur

Þessi skýrsla er greinargerð íslenskra skólustjórnenda og starfsfólks á fræðslu-/skólaskrifstofum sveitarfélaga af alþjóðlegu menntaráðstefnuna **uLead**, nú **uLead 2019**, sem haldin er árlega í smábænum Banff í samnefndum þjóðgarði vestur undir austurluta Klettafjalla sunnarlega í Kanada á leiðinni til Vancouver. Ráðstefnan er haldin af kennarasamtökum Albertafylkis, The Alberta Teacher's Association, á hverju vori á Fairmont Banff Spring Hotel í útjaðri bæjarins. Þessi greinargerð er samantekt Íslendinganna um þá þekkingu sem þeir telja sig hafa aflað með þátttökunni í ár frekar en að þetta sé nákvæm eða ítarleg ferðasaga í skýrsluformi.

Tilgangur skýrslunnar er þannig að draga saman þá miðlun upplýsinga sem átti sér stað á ráðstefnunni og setja þá samantekt fram í þekkingarskýrslu. Sem þekkingarskýrslu er átt við að textinn sem hér endurspeglir þá þekkingarframlag sem þátttakendurnir frá Íslandi taka með sér heim í kjölfar ráðstefnunnar. Henni er ætlað að draga saman þekkingu sem þeir telja hafa numið, tileinkað, meðtekið og fundist ástæða til að koma henni hér á framfæri undir samheitinu „þekkingarskýrsla“.

Leiðtogiinn í skólastarfi (en ekki bara „stjórnandinn“) var meginviðfangsefni ráðstefnunnar. Í því felst að fræðsluerindi og umræður snéru að sjónarhorni leiðtogans, eiginlega skólustjórnandans sem meira en „stjórnanda“. Þessi orðræða er hluti fagumræðu sem hefur átt sér stað síðustu 50 árin í leiðtogafræðum um að stjórnun í skipulagsheildum eigi sér tvær hliðar. Önnur, og sú eldri, snýr að því að yfirmaður hennar sé stjórnandi sem skuli tryggja skilvirkni skipulagsheildar með skýrri stjórnun, skynsamlegri ákvarðanatöku, meðvitaðri stefnumótun og trúverðugri fjármálastjórnun. Hin hliðin er að telja að skipulagsheildir þurfi ekki síður á leiðtoganum að halda þar sem hann þurfi að hreyfa við skipulagsheildum til að starfsemi þeirra endurspeglir ekki síður sköpun, merkingu, vellíðan og breytingar. Þessi umræða vill stundum vera pólariseruð.

Efni skýrslunnar er skipt í nokkra kafla til að auðvelda lesturinn. Umfjöllunin hefst á stutti ferðasögu. Þá tekur við kynning á þátttöku skólustjórnenda í Hafnarfirði á uLead 2019. Í framhaldi þess megináherslum ráðstefnunnar og er síðan á aðalfyrirlesturum ráðstefnunnar sem voru fjórir. Þá taka við stuttir frásögubútar frá íslensku þátttakendum sem vildu leggja til efni í skýrsluna. Þeim er raðað í stafrófsröð þátttakenda og birt undir nafni þeirra svo hver fær að birta sína „rödd“. Öllum þátttakendum á ráðstefnunni var boðið að leggja fram sitt framlag í skýrsluna og um leið er þeim þakkað framlag sitt sem lögðu fram efni, alls rúmlega 20 af 37 þátttakendum. Þeim var í sjálfsvald sett hvernig þeir komu „rödd sinni“ á framfæri.

Aftast eru viðaukar með viðbótarefni sem vert þótti að hafa með skýrslunni og tengdist ferðinni.

Það er að tilstuðlan hafnfirska skólasamfélagsins sem þessi skýrsla er unnin. Skrifstofa fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar annaðist ritstjórn skýrslunnar undir verkstjórn þróunarfulltrúa grunnskóla og telst því útgefandi skýrslunnar sem eingöngu verður dreift á tölvutæku formi (pdf-snið).

Hafnarfirði í júní 2019.

# 1. Stutt og snaggaraleg ferðasaga

Skólastjóraráfélag Íslands (SÍ) skipulagði hópferð íslenskra grunnskólastjórna til Banff (Albertafylki, Kanada) dagana 10.-17. maí 2019. Ferðinni var heitið á skólaleiðtogaráðstefnuna **uLead 2019 - The Summit of Educational Leadership**, sem er haldin á vegum kennarasamtaka Albertafylkis og stýrir það talsvert staðsetningu ráðstefnunnar að ætla má. Það var flogið út til Edmonton og áfram í innanlandsflugi til Calgary á einum degi (10.5.). Frá Calgary var tekin rúta til Banff (11.5.) þar sem dvalið var í tæpa fjóra daga (11.-14.5.). Loks var staldrað við í einn dag í Calgary (15.5.) áður en haldið var heim á leið með viðkomu á flugvælinum í Toronto (16.5.) og lent í Keflavík að morgni föstudags (17.5.).

Alls voru 37 skólastjórnaendur og starfsfólk fræðsluskrifstofa sveitarfélaga sem fóru í ferðina frá Íslandi. Mismargir frá einstaka sveitarfélögum, sumir einir og aðrir komu saman sem hópur. Talsvert hefur verið um að íslenskir skólastjórnaendur hafi sótt ráðstefnuna svo þetta er ekki í fyrsta skiptið sem hópferð er á ráðstefnuna frá Íslandi. Skipulag ferðarinnar frá Íslandi endurspeglar það.

Banff er smábær vestur undir Klettafjöllum sunnarlega í Albertafylki í samnefndum þjóðgarði. Hann er sagður vera einn af gersemum kanadískrar náttúru og er mikil útivistarparadís jafnt sumar sem vetur. Íslendingar gistu á Fairmont Banff Springs Hotel í útjaðri bæjarins. Ráðstefnan fór sömuleiðis fram á hótelinu í fjölmörgum fundarherbergjum og ráðstefnusölum sem þar var að finna. Erfitt var samt að rata í suma salina á þessu margbrotna og goðsagnakennda hóteli (en allt var samt innangengt þar sem mikill kuldi er þarna á veturna og gott að þurfa þá ekki að fara út til að komast milli staða - en það átti ekki við á ráðstefnunni núna). Hótelið er fyrirbæri út af fyrir sig og byggt í þeim tilgangi að bjóða upp á þægindi á leiðinni vestur gegnum Kanada á sínum tíma (á 19. öld) yfir Klettafjöllin til Vancouver. Það var í þeim tilgangi að efla tengsl innan ríkisins með heppilegum samgöngum og þægindum sem nauðsynleg þóttu á svo miklu landsvæði sem Kanada nær yfir og skilgreinir um leið eina þjóð og ríki.

Í ferðinni reyndi íslenski hópurinn að fá sem mest út úr ferðinni utan ráðstefnutímans til að spjalla saman og fara í stuttar ferðir innan Banff þjóðgarðsins. Þannig voru nægir möguleikar á göngu- og hlaupaleiðum í nágrenni hótelsins sem sumir nýttu sér vel auk þess að fara í sjálfan bæinn til að kynna sér menningu og mannlíf sem nóg var af, ekki síst matsölustaði og „lundabúðir“ – enda vinsæll ferðamannastaður. Dagana sem ráðstefnan fór fram var einstaklega gott veður í Banff svo jafnvel heimamenn tjáðu sig um það.

Sumarið var greinilega komið og snjór var að mestu horfinn. Talað er um að það séu um 100 snjólausir dagar á ári (á móti um 250+ snjódögum) á þessu svæði svo hópurinn var lánsamur að meðan á dvölinni stóð var hiti á daginn um 15-20° (Celsius) og sólskin mest allan daginn. Á næsta ári mun ráðstefnan verða haldin í byrjun apríl (í dymbilviku) svo það má búast við að þá verði kalt og snjór yfir öllu í Banff og nágrenni.



**Skólastjórar grunnskóla Hafnarfjarðar á uLead 2019**

## 2. Hafnarfjörður á uLead 2019

Ákveðið var að senda skólastjóra grunnskóla Hafnarfjarðar, eða staðgengil, á **uLead 2019**. Það var gert af nokkrum ástæðum. Í gangi er undirbúningur að gerð menntastefnu fyrir Hafnarfjörð. Hluti þeirrar vinnu er að leggja til og fylgja eftir æskilegum breytingum til að þróa skólastarf enn frekar. Þar munu stjórnendur skóla verða lykilaðilar og hafa ákveðin verkefni við innleiðinguna, bæði við að móta stefnuna, innleiða og síðan að vinna að því að koma henni í sem heppilegasta framkvæmd innan síns skóla. Mikilvægt er að huga að hlutverki skólastjóranna sem faglegra leiðtoga. Hluti þess er að vinna að því að efla leiðtogahæfni og tengsl við stefnur, strauma og nýjustu rannsóknir í menntamálum. Sem er hluti af símenntun og starfsþróun skólastjórnenda grunnskóla Hafnarfjarðar þessi misserin. Áframhald verður á þeirri vinnu í samvinnu við HÍ næsta haust.

Alls sóttu ferðina sjö skólastjórar, einn aðstoðarskólastjóri, þróunarfulltrúi grunnskóla og sviðsstjóri fræðslu- og frístundapjónustu. Almennt er það mikilvægt að skólafólk taki þátt í skólamálaumræðu og þá ekki síður að vera hluti af alþjóðlegri umræðu og skoðanaskiptum um skólamál. **ULead 2019** ráðstefnan var ákjósanlegur vettvangur til þess fyrir skólastjórnendur þar sem hún beinist sérstaklega að þætti skólastjórnunar í skólaþróun og að vera leiðtogi í grunnskóla. ULead hefur upp á að bjóða fremstu fræðimenn og nýjustu nálganir í skóla- og stjórnendamálum í skólum.

Skólastjórnendur í Hafnarfirði hafa verið saman í símenntun og starfsþróun á síðustu misserum. Þannig hefur þeim verið boðið upp á fræðslu, handleiðslu, sameiginlega vinnudaga auk reglulegra samráðsfunda þeirra með skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustunnar sem eru haldnir tvisvar sinnum í mánuði að jafnaði yfir skólaárið. Fræðsla og handleiðsla til stjórnenda er hluti þeirrar fræðslu sem skrifstofan hefur staðið fyrir til handa starfsfólki grunnskóla gegnum árin, með áherslu á sí- og endurmenntun kennara.

**ULead 2019** ráðstefnan var þannig tækifæri til að færa skólastjórum sameiginlega reynslu og upplifun af skólamálaumræðu auk þess sem að þeir fengu tækifæri til að kynnst nánar sem fagmenn og samstarfsfélagar og geta nýtt sér frekara samráð á komandi árum.

Faney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar.



## 3. Ráðstefnuáherslur

Hér er gerð tilraun til að draga saman þá umræðu sem átti sér stað á ráðstefnunni. Það er ekki hægt að gefa eina samantekt sem opinbera áherslu. Þessi samantekt er því mat á þeirri upplifun og miðlun sem átti sér stað á ráðstefnunni, mest út frá aðal fyrirlestrum og almennri tilfinningu fyrir umræðunni. Þessi samantekt er sett fram í samhengi við nokkur hugtök hér áfram til að halda utan um umræðuna.

### Traust



Án traust verða ekki jákvæðar breytingar, aðeins eftirlit (og viðeigandi kostnaður við það sem ella gæti nýst í þróunarstarf). Áherslan á traust virðist vera á einhvern hátt lykilatriði í húmanískri leiðtogasýn á skólastarfið núna og er gagnrýni á núverandi fyrirkomulag, þ.e. í hugmyndinni um eftirlit í gegnum ábyrgðarskyldu skóla sem sé ríkjandi. Í henni felist áhersla á vantraust á skólastarfið og starfsfólk þess svo það þurfi að hafa eftirlit með og refsa ef árangur er ófullnægjandi. Þar eru markmið og framkvæmd skólastarfsins á ábyrgð pólitískra aflu og einstakra stjórnenda frekar en skóla-samfélagsins í heild sinni. Það þarf að treysta öllu skólasamfélaginu að vinna í þágu nemenda og er lykilatriði.

### Skólar sem flóknar skipulagsheildir og stjórnun þeirra



Skólar eru flóknar skipulagsseiningar þar sem menntun gerist fyrir tilstilli fólks/kennara en ekki tækni – hvað sem líður allri tækninotkun og nauðsyn þess að nota viðeigandi tækni á hverjum tíma. Skólar eru flækjustofnanir þar sem einfaldar lausnir eru varasamar (sbr. sjónarmið Breadspear um yfirborðshugsun, forpakkaða hugsun og sniðhugsun) og leiða ekki til skólaþróunar – sökum þess að skólastjórnandinn/leiðtoginn fer af stað í innleiðingarferli án þess að skilja eða ráða við nauðsynleg skólaþróunarverkefni fyrir vikið. Sömuleiðis er fjölbreytni mikilvæg í skipulagsheildum. Því ef við viðurkennum ekki og virðum margbreytileika verður takmarkandi hugsun í gangi og skortur á jákvæðum breytingum. Það er í verkahring stjórnandans/leiðtogans að átta sig á leikreglum sem eru nauðsynlegar til að ráða við stjórnun skóla. Hann þarf að geta leitt breytingar sem eru viðeigandi á hverjum tíma samhliða því að viðhalda nægilegri festu við fyrri starfshætti sem eru mikilvægir og reynst hafa vel. Allar kenningar og aðferðir þarf að laga að staðbundnum aðstæðum.

### Sjónarhorn á mikilvægi leiðtogans



Líkt og í ný-klassískum stjórnunarfræðum um mikilvægi leiðtogans verður hann líka mikilvægur í húmanískum leiðtogafræðum - þótt öðru vísi sé (Trump er vítið til varnaðar og er þá ódæmigerður fulltrúi ný-klassíkkunnar sem sterkur, einbeittur og fylginn sér leiðtogi sem setur leikreglurnar þar sem tilgangurinn helgar meðalið). Sérhver skipulagsheild hefur þörf fyrir stjórnun og leiðtoga (með sýn, leiðtogahæfni og tilgangsgefandi leiðsögn) til að færa

starfseminni og starfsfólki möguleika til að finna merkingu í störfum sínum – sem hluti af stærri hugsjón (jafnrétti og jafnræði, mannúð og umhyggju, sanngirni...) frekar en að starfið snúist um nafla einhvers (nemenda, starfsmanna, stjórnandans eða foreldra) eða tækni í sjálfu sér. Hlutverk leiðtogans er að hafa sýn á skólastarfið sem hann getur fylgt eftir í daglegum störfum án þess að lenda of mikið í því að elta vanda skólalagsins. Hann þarf að festast í sýninni á skólastarfið frekar en að festast í daglegum aðstæðum sem stöðugt kalla á skyndiviðbrögð eða fljótheitar lausnir („skemmri skírn“) svo sýnin tapast. Þannig er mikilvægara að horfa á eigin aðstæður frekar en að vera stöðugt að bera sig saman við aðra. Leiðtoginn þarf að færa sér rými til að hugsa, sjá fyrir sér nauðsynlegar breytingar og geta stýrt þeim (með viðeigandi björgum, verkaskiptingu, leiðtogahæfni, hvatningu...). Þar gildir jákvætt hugarfar leiðtogans, í samspili við sýnina, í því að leiða skipulagsheild og viðhalda sýninni í daglegum aðstæðum og þegar þörf er á viðbrögðum við einstaka atburðum. Þannig voru áherslur á leiðtogann sem „kennsluráðgjafa kennaranna“ í brennidepli í því að miðla og veita stuðning í sífellt meira krefjandi aðstæðum skólastarfsins, t.d. skorti á kennurum til kennslu, bágum heimilisaðstæðum nemenda, skorti á viðunandi fjármögnun skólastarfsins, nýrri tækni o.fl.

## Skólastarfið undir nýrri (húmanískri) leiðtogasýn



Það er stór krafa um að skólastarf mæti „kröfum 21. aldarinnar“. Hverjar þessar kröfur eru eða hvaðan þær koma er á margan hátt tengt tækni- og samfélagsþróun sem búist er við að sé framundan, m.a. hugmyndinni um „fjórðu iðnbyltinguna“ svonefndu. Það er áherslan á aukna sjálfvirkni, minnkandi aðkomu mannlegra handa að störfum, þörfinni fyrir öðru vísi starfsfólk en áður, þ.e. sveigjanlegra, hæfara til samvinnu, hafi hæfni frekar en formlegar menntunargráður (sem verða samt sem áður nauðsynleg forsenda í flestum tilvikum, sem fagmennska fagstétta). Fyrir vikið er aðlögun skólastarfsins að þessum samfélagsbreytingum til umræðu og þáttur leiðtogans í því verkefni, bæði um hæfni hans sjálfs og um það hvers konar skólastarf eigi að viðhafa við þær aðstæður. Á **uLead 2019** var áherslan á leiðtogann sem leiði frekar en stýri, hafi sýn á hlutina frekar en að hann sé of upptekinn af sínum aðstæðum. Sömuleiðis að leiðtoginn þarf að hafa margs konar verkfæri til að vinna með. Jákvæðni hans skiptir öllu í því að geta haldið stefnu en um leið þarf hann að hafa og rækta eiginleika sem ýta undir samvinnu, umhyggju, virðingu og nám í skólastarfinu. Forgangsröðun er mikilvæg í starfi leiðtogans, að velja sér fá og heppileg verkefni frekar en mörg og að vera of önnum kafinn. Mikilvægt að leiðtoginn hafa til að bera djúpan skilning á verkefni sínu og fari ekki út í breytingar án þess að skilja þær til fullnustu forsendur þeirra (sbr. fyrirlestur Breadspear og [grein](#) frá honum). Breytingar gerist ekki sjálfkrafa, þær þarfnast mikillar umhugsunar leiðtoga – hér skólastjórnandans í að gera stöðugt betur í skólastarfinu. En breytingar þurfa að hafa tilgang, þ.e. bæta náms nemenda og starfsaðstæður kennara. Þetta snýst samt ekki um bara að era breytingar. Heppilegar breytingar.



## Mjúk hæfni mikilvæg ekki síður en hörð hæfni



Frá hinu húmaníska sjónarhorni skólafarans er „hin mjúka hæfni“ nemenda ekki síður mikilvæg en „hin harða hæfni“ (ný-klassíska sjónarhornið). Hið mjúka sjónarhorn er áherslan á samvinnu, vellíðan, sköpun, félagsleg samskipti og virðingu í skólafarinu. Það er þá eins konar mótvægi gegn áherslum hinnar hörðu hæfni um áhersluna á námsárangur og mikla hæfni í raungreinum (lestri, stærðfræði, náttúrugreinum). Þannig er þetta sjónarhorn á vellíðan að aukast í skólafarinu og kom nokkuð skýrt fram á **uLead 2019** (m.a. í málstofu frá Hargreaves og [menntaáherslum](#) hans og fleiri til Ontariofylkis í Kanada). Aðalatriðið er að hugsa hina mjúku og hörðu hæfni í samspili í skólafarinu frekar en að annað þeirra úthýsi hinu.

## Önnur viðfangsefni eða áherslur



Þrátt fyrir tilraun til að saman taka áherslur á **uLead 2019** í örfáum lykilhugtökum má kannski um leið segja að það sé engin ein ákveðin leið sem er boðuð og talin betri umfram aðra – eða að þessi samantekt nái að kynna allt það sem fram fór á ráðstefnunni. Umfram allt er álitnið að margar leiðir og aðferðir sé mögulegar til að ná árangri í námi þar sem aðstæðubundnar aðstæður ráði miklu um val verkefna sem skulu sæta forgangi í skólafarinu. Á **uLead 2019** voru kynnt margvísleg sjónarmið og verkefni sem miðuðu að því að sýna einstök verkefni og hverju þau höfðu skilað í afmörkuðum aðstæðum. Það er mikilvægt fyrir leiðtogana að sjá einstök verkefni verða að veruleika. Þannig voru einstök verkefni gefandi og færðu von í aðstæðum, þ.e. að hægt væri að ná auknum árangri þrátt fyrir erfið starfsskilyrði önnur. Það voru þættir eins og skýr leiðtogasýn, stuðningur við kennara í daglegum verkefnum, virk þátttaka allra aðila skólasamfélagsins í því að þróa skólafarið og að taka sameiginlega ábyrgð á því að mennta nemendur fyrir samfélag framtíðarinnar. **uLead 2019** hafði því eitthvað fram að færa fyrir alla leiðtoga í skólafari sem vildu læra nýja hluti og taka þátt í því afmarkaða „lærdómssamfélagi“ sem ráðstefnan hafði upp á að bjóða.

Samantekt: VH



## 4. Ráðstefnan og aðalfyrirlestrarnir

Á **uLead 2019** komu um 1200 þátttakendur hvaðan æfa úr heiminum til að taka þátt í þriggja daga samræðu, fræðslu, umræðum og skoðanaskiptum um vægi leiðtogans í skólastarfi. Ráðstefnan stóð yfir í tvo og hálfan dag, eða frá hádegi á sunnudegi 12. maí til síðari hluta þriðjudags 14. maí. Ráð-



stefnan skiptist í fjóra aðalfyrirlestra og eina panelumræðu og síðan var val um margvíslegar málstofur. Málstofutímarnir (einn klukkutími í senn) buðu upp á 9-11 málstofur í senn sem hægt var að velja á milli. Einnig var hægt að sækja eins dags námskeið á undan ráðstefnunni ([http://ulead.ca/Pre-Conference\\_Masterclass.html](http://ulead.ca/Pre-Conference_Masterclass.html)) sem þó var ekki möguleiki á fyrir Íslendingana sem sóttu ráðstefnuna sökum ferðaskipulagsins hjá þeim. Ráðstefnan (<http://ulead.ca/Welcome.html>) var kynnt með áherslu á að endurhugsa leiðtogaþáttinn í skólastjórahlutverkinu, eiginlega „hinn kennaramenntaði skólastjórnandi/-leiðtogi“, með eftirfarandi texta:

Welcome to uLead 2019 - the Summit of Educational Leadership! The theme for uLead 2019 is "Reimagining School Leadership". The world 'principal' has its roots in the idea of a teacher who serves in the role of 'principal teacher'. We are looking for presentations that support and expand on the idea that school leaders are teachers first and speak to instructional leadership as opposed to being administrators or managers. This three day conversation on leadership will provide every delegate with an opportunity to both see a variety of models of innovative leadership and to also discuss the direction we should be moving in as school leaders and systems in our age. A unique opportunity awaits to join educational leaders from around the world in the beautiful world heritage location of Banff, Alberta at one of the world's premier conferences for school-based leaders, district-level leaders, and provincial and state education leaders.

Ráðstefnan er alþjóðleg og gestir komu alls staðar að. Aðalfyrirlesarar voru alþjóðlegir (enskir, ástralskur, bandarískur) en flestir málstofufyrirlesarar voru kanadískir þótt þeir kæmu líka alls staðar frá (m.a. Íslandi). Lítið hlé var gefið milli fyrirlestra svo almennt séð mynduðust kannski ekki miklir möguleikar til samræðna eða tengslamyndunar þótt einhver væru. Hin sameiginlega reynsla allra þátttakenda var að hlýða á aðalfyrirlestrana fjóra (og eina panelumræðu) en að öðru leyti sækir hver þátttakandi sína ráðstefnu þegar hver þeirra þarf að velja sér átta málstofur af þeim 89 málstofum sem í boði voru. Hér má [sjá](#) dagskrá ráðstefnunnar á meðan þær upplýsingar eru enn opnar á vefnum.

Aðalfyrirlesarar voru:

- Andy Hargreaves:  
***Leading together through collaborative professionalism: The next educational frontier.***
- Rebecca Hare:  
***The Culture of Space***
- Richard Gerver:  
***#ConstructEd***
- Simon Breakspear:  
***Impact thinking – Leading educational improvement amidst human complexity***

Samantekt er á þessum fjórum aðalfyrirlestrum kemur hér áfram.

## Erindisheiti: *Leading together through collaborative professionalism: The next educational frontier*

Fyrirlesari: Andy Hargreaves



[Andy Hargreaves](#) er alþjóðlegur fyrirlesari á sviði skólamála, prófessor og gestaprófessor um allan heim. Andy er og hefur verið áhrifamikill fyrirlesari í skólámálum með áherslur sínar á húmanískt skólastarf og skilaboð til skólafólks sem leiði til jákvæðrar skólaþróunar og námsárangurs.

### Meginefni erindis

Fyrirlesturinn kynnir Andy sem samantekt á sjónarmiðum sem hann setur fram í bókinni *Collaborative professionalism* og smáritinu *Leading Collaborative professionalism* sem hvort tveggja er ritað í samstarfi við Michael T O'Connor. Samvinna fagfólks, sem hæfnipáttur sem hefur áhrif á árangur skipulagsheilda og í þessu tilviki skólastarfs, er nýja kóruslínan í skólaþróunarfræðunum. Skólaþróun er óhugsandi án samvinnu og er núna fagtengd, þ.e. hver fagstétt þarf að deila þekkingu og sérfræðihæfni sinni sín á milli og í samspili við aðrar fagstéttir. Spurningin er þá eiginlega hvernig eigi að skipuleggja samvinnu til að hún skili sem mestum árangri. Hann kynnir sjónarmið um samvinnu í gegnum umbótaverkefni sem hafa verið unnin á síðustu árum um allan heim og hann hefur verið hluti af, sem rannsakandi og ráðgjafi. Svo þótt samvinna virðist einföld þá er ekki sjálfgefið hvernig skuli standa að henni og hvað hún feli nákvæmlega í sér til að færa framúrskarandi árangur í skólastarfi.

Hargreaves segist vera að endurnýja kynni sín af samvinnuhugmyndinni frá tíunda áratugnum. Núna er hún „inn“. Tengir þetta við karlmannsskyrtuna sem þá var líka í tísku. En skyrtan hefur breyst, líkt og hugmyndir um samvinnu. Hann byrjaði að kynna sjónarmið sem væru í umræðunni sem draga úr mikilvægi samvinnu eða gera lítið úr henni og hann gefur þrjú hugtök yfir þau:

- Núhyggja, það að bregðast við aðstæðum út frá aðstæðum sínum frekar en að horfa á mannlífið út frá sýn á samvinnu (e. presentism).
- Einstaklingshyggja, þ.e. áhersla á gildi framlags einstaklinga án þess að samvinna sé nauðsynleg (e. individualism).
- Íhaldshyggja, þ.e. áhersla á persónuleg lífsgildi (e. conservatism).

HARGREAVES LEGGUR ÁHERSLU Á  
ÞAÐ AÐ HIN NÝJA SAMVINNU-  
ÁHERSLA Í SKÓLASTARFI MIÐI AÐ  
ÞVÍ AÐ BREYTA NÁMI OG KENNSLU.

Samvinna ætti að færa þetta í skólastarf:

1. Bæta nám nemenda og árangur, ekki síst veliðan sem forsendu náms.
2. Ýta undir mikilvægar breytingar og merkingarbærar nýjungar sem hluti jákvæðrar skólaþróunar.
3. Bæta starfsaðstæður kennara, þ.e. gera starfs-umhverfi þeirra tilgangsríkara.

Hann kynnir mismunandi aðferðir um samvinnu í ýmsum löndum í nokkrum heimsálfum. Sem lærdómssamfélög kennara. Veltir upp sjónarmiðum um

margvíslega aðferðafræði sem miða að samvinnu kennara (eða allra starfsmanna skóla) sem eru m.a.:

- Kennslustundarannsóknir (e. lesson study).
- Kennaramiðað lærdómssamfélag (e. teacher-led prof learning communities).
- Samvinnutengd námskrárvinna (e. Job alike curriculum planning).
- Samvinnunám og starfsþróun (e. Cooperative learning & PLD).
- Samvinnumiðaðar uppeldisbreytingar (e. collaborative pedagogical transformation).

Hargreaves leggur áherslur á það að hin nýja samvinnuáhersla í skólastarfi miði að því að breyta námi og kennslu svo það færi (nemendum og kennurum) aukna merkingu sem metin sé út frá raunverulegri þekkingu (frekar en mikilli upplýsingasöfnun). Samvinnan skal færa aukna samræðu, endurgjöf, samstöðu og fjölbreytni í skólastarfinu sem viðbrögð við margvíslegri menningu nemenda og samfélagi. Til að skoða slíkar samvinnuhugmyndir nánar leggur hann til líkan til að meta eða sýna áherslumun á samvinnu í samspili við samvinnuleysi (sjá mynd).

		Trust	
		Low	High
Precision	High	Contrived Collegiality	Collaborative Professionalism
	Low	No Collaboration	Informal Collaboration

Út frá líkaninu er hið eftirsóknarverða að komast í stöðuna sem hann skilgreinir sem „samvinnumiðuð fagmennska“ (e. collaborative professionalism) frekar en „hugsuð samstaða“ (e. contrived collegiality). Út frá rannsóknum hans og kollega um víða veröld séu þessi atriði mikilvæg í samvinnumiðaðri fagmennsku í skólastarfinu:

1. Kennaramiðuð starfsþróun (e. teacher-led PLC).
2. Staðbundin samvinna og tengslanet (e. rural collaborative planning networks).
3. Kennslustundarannsóknir (e. lesson study).

Hann kallar þessi sjónarmið samvinnu að fara frá „faglegri samvinnu“ í „samvinnumiðaða fagmennsku“. Hann útskýrir þessar áherslur í gegnum hugmyndina um „ferðalagið“ (sem er elsta leiðarstef vestrænna bókmennta, sjálf Illionskviða í Hómerskviðum) og persónulega lífeynslu (að handleggsbrjóta sig í skógarferð í Suður-Ameríku og enda á sjúkrahúsi).

Leiðtogi „ferðast um“ til að ná tengslum við allt og alla; gerir sig viðkvæman og vinnur með öðrum, opinn gagnvart aðstæðum og bregst við þeim. Leiðtogi situr ekki á verkefnum, hann þarfnast verklags til að vinna með öðrum. Leiðtogi þarf að viðurkenna mismikla hæfni eða fagmennsku – annars lendum við í vanda. Fagmennska er grunnur en hún er samt ekki ein og jöfn hjá öllu fagfólki. Kynnir bókina [The death of expertise](#) eftir Tom Nichols. Snýst um virðingu fyrir sérfræðipekkingu sem grunnur að hæfni og mikilvægi samvinnu þar. Leiðtogi sýnir umhyggju fyrir teyminu sínu og tekur samræðuna sem gagnrýni til viðfangsefnis en ekki til persónunnar. Snýst um verklag og virðingu, ekki gagnrýni á mig heldur aðferðina því allir eiga jafnt undir aðferðunum sem kennarar, að þær virki svo umræða er nauðsynleg. Enginn er fullkominn en teymið getur verið það. Hjálpum en gagnrýnum ekki. Þurfum upplýsingar, litlar sem miklar, og að meta alls konar fólk.

## LEIÐTOGI SÝNIR UMHYGGJU FYRIR TEYMINU SÍNU OG TEKUR SAMRÆÐUNA SEM GAGNRÝNI TIL VIÐFANGSEFNIS EN EKKI TIL PERSÓNUNNAR.

Verkefni hins nýja samvinnumiðaða leiðtoga eru:

1. Að færa fókus frá þröngri sýn á nám og árangursmarkmið yfir í það að meta virði víðari sjónarmiða um nám og mannlegan þroska.
2. Að færa fókus frá sérstökum samráðs-fundum á skipulögðum tímum og stöðum yfir í það að samvinna er samfléttuð í dagleg störf kennara og stjórnenda sem daglegir starfshættir.
3. Að færa fókus frá innleiddum og stjórnunum verkefnum af stjórnendum út frá þeirra áherslum yfir í það að vera stýrt af kennurum í tengslum við viðfangsefni sem þeir skilgreina sjálfir sem mikilvæg.
4. Að færa fókus frá þægilegum og hugsuðum samtölum yfir í það að taka krefjandi samræður um skólaþróun en um leið af gagnkvæmri virðingu.
5. Að færa fókus frá samvinnu um nám nemenda yfir í það að vera í samvinnu með nemendum um nám þeirra.

Nánari umfjöllun um þetta viðfangsefni má finna í grein Hargreaves og O'Connor, [Leading collaboration professionalism](#) og á síðu Hargreaves um fimm aðilana í verkefninu; [Ontario](#), [Noreg](#), [Colombía](#), [Hong Kong](#) og [NWRIES](#). Sjá einnig sjónarmið hans um vellíðan í skólastarfi, [Leading from the middle: Spreading learning, well-being and identity across Ontario](#) og menntaráðleggingar til Ontariofylkis ásamt fleirum, [Ontario: A learning province](#).

Samantekt: VH

## Erindisheiti: *The Culture of Space*

Fyrirlesari: Rebecca Hare



[Rebecca Hare](#) er ráðgjafi og skapandi verkefnastjóri, bandarísk en hefur einnig starfað á Ítalíu. Er lærð í innanhússhönnun og vill nýta þær hugmyndir til að hanna skólahúsnæði til að byggja upp skólamenningu sem efla nám og vellíðan nemenda. Vinnur sem ráðgjafi, hönnuður og hefur gefið út bókina [The Space: A Guide for Educators](#) í samstarfi við fleiri aðila. Nefnir sérstaklega skólann Clayton Public Schools í St. Louis sem hún hefur tekið þátt í að breyta húsnæðinu. Grunnur að hennar aðferðafræði Design thinking.

### Meginefni erindis

Fjallar um verkefni leiðtogans að skapa umhverfi sem nærir verndandi og skapandi skólaumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk. Hún kynnir sjónarmið sín um mikilvægi þess að skólahúsnæðið sé nýtt til að búa til umhverfi sem er vinalegt, námsmiðað. Kynnir verkefni sem hún hefur unnið að með nokkrum skólum, í að endurhanna húsnæði skóla. Telur sig nemendamiðaða í nálgun sinni. Kynnir efni eins og trampolín, hundasvæði, sófa, rafrænar töflur, jógasvæði. Húsnæði ætti að endurspeglar viðhorf og hugmyndir sem getur fær „efnisbirtingu“ í rýminu ef svo má segja. Hún boðar nokkrar einfaldar hugmyndir um endurhönnun skólahúsnæðisins.

„SVÆÐI“ ERU FYRST OG FREMST RÝMI TIL AÐ MÆTA LÆRDÓMS-ÞÖRFUM - FREKAR EN EINSTAKLINGUM.

Þá hefur ný tækni augljóslega áhrif á skóla-umhverfið í samspili við uppeldisfræðileg sjónarmið eða áherslur. Þörf sé á að endurhugsa skóla-umhverfið stöðugt út frá nýjum og árangursríkari kennsluáferðum – sem stöðugt verða til. Í slíkri endursköpun er þörf á ígrundun, samvinnu og að hlusta á raddir nemenda. „Svæði“ eru fyrst og

fremst rými til að mæta lærdómsþörfum - frekar en einstaklingum. Það eykur líkur á betri árangri sem skólustarfið stefnir að. Í skólustarfi þurfi rými fyrir sköpun, fyrir fjölbreytta miðlun (stafræna sem efnislega) og til að geta verið í ró og næði. Það skiptir máli að gildin okkar sjáist svo fólk raunverulega skynji fyrir hvað við stöndum. Umhverfið á líka að gefa það skýrt til kynna svo fólk á að geta séð það. Það þarf „að brjóta niður vegg“ til að fólk viti hvað er í gangi í skólanum. Við þurfum að tengjast foreldrum og nota tæknina til þess, nota miðla. Gott að taka myndir og senda heim til að fólk viti hvað var gert þann daginn.

Endurskilgreining kennslustofunnar krefst hugmyndauðgi og verður ekki tilbúin af sjálfu sér. Hún krefst markvissrar ígrundunar með þátttöku nemenda (sem rannsókn (e. inquiry): 1 skipulögð rannsókn > 2 stýrð rannsókn > 3 leiðbeinandi rannsókn > 4 frjáls rannsókn). Ígrundin felst í að átta sig á hvað þurfi að taka mið af og hvernig henni verði svarað með aðgerðum í skólarýminu.

Gefur öllum póstkort til að skrifa hugmyndir um hvert svæði sem hún kynnir – sjá umfjöllun um sex svæði hér áfram.

Nokkrar hugmyndir sem hún leggur áherslu á:

- Margar gerðir af stólum og aðstöðu til náms í rýmum.
- Líflégt, hlýlegt, vel upp lýst, fjölbreytt, myndskreytt rými.
- Mikilvægt að vera stoltur af skólarýminu.

Hvað geta þessar hugmyndir gefið þínum skóla (sem leiðtogi hans)?

- Öll rými skipta hér máli í skólaumhverfinu, ekki bara „kennslustofan“.
- Hún skiptir húsnæðinu í nokkur svæði, þ.e. 1 utanhúss > 2 móttökurými í skóla > 3 gangar > 4 kennslustofur > 5 stuðningsrými (skólasafn, vinnuherbergi) > 6 önnur rými (klósett og fleira).
- Mikilvægt að fá sýn skólasamfélagsins á umhverfi skólans, t.d. hvort að umhverfið sé hlýlegt og endurspeglar gildi skólans eða bara alls ekki.

*Nánar um einstök rými innan skólans*

1 Skólalóðin:

- Utan skólans að námsaðstæður séu sýnilegar, umhverfið skal vera námsumhverfi og einnig tengjandi í þeim skilningi að vísa foreldrum vinallega innkomu í skóla.

**SVO SVÆÐI GETA VERIÐ MIS-  
HEPPILEG OG SKAPANDI FYRIR  
SKÓLASTARFIÐ.  
DAUÐ EÐA LIFANDI.**

2 Móttökusvæðin:

- Innan dyra skal það snúa að því hvernig það mætir gestum, aðgengilegt.

3 Gangar:

- Kynnir hugmyndir um gólfínur til að hreyfa sig eftir innan skóla til að finna svæði og aðstöðu.
- Kynnir að svæði geti bæði verið statísk (gildi, upplýsandi, framtíðarleg) eða dýnamísk (breytileg).
- Svo svæði geta verið misheppileg og skapandi fyrir skólastarfið. Dauð eða lifandi.

4 Skólastofan:

- Að komast úr kennslustofu getur verið þörf án þess að nokkuð annað sé til staðar (klósettferð).
- Kynnir mismunandi uppröðun í stofu, kennaramiðuð eða nemendamiðuð.
- Kynnir 360° stofu aðferðina.
- Útikennsla sem heppilegt námsumhverfi (sérstaklega í hlýrra umhverfi þótt veðrið skipti kannski ekki öllu máli).
- Kennslustofan, nota vegg til að sýna nám, endurspeglar gildi og takmarka sig ekki við veggplássið. Nemendur þurfa mismunandi rými til að fúnkera allan skóladaginn.

### 5 Stuðningsrýmin

- Skilgreina hlutverk þeirra, forgangsraða funksjónum og ákvarða eignarhald hvers svæðis.
- Leggur til hugmyndir um að taka stóla úr fundarrýmum, eykur skilvirkni og berskjöldun. Að standa er tískuviðhorfið í dag.
- Nýta veggir undir það sem mikilvægt er að miðla, t.d. gildi skóla og áherslur. Ekki ofhlaða.

KAFFISTOFA STARFSMANNA ÆTTI  
AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á RÓLEGT OG  
KÓSÝLEGT UMHVERFI FREKAR EN  
EITTHVAÐ ANNAD.

### 6 Önnur rými

- Baðherbergi eru mikilvæg og endurspegla gildi skólans og umhyggju fyrir nemendum.
- Hugmyndin að setja upp jákvæðar tilvitnanir hér og þar innan skóla.
- Kaffistofa starfsmanna ætti að leggja áherslu á rólegt og kósýlegt umhverfi frekar en eitthvað annað.
- Kynnir gjafabox með ýmsu sem einhverja gætu vantað, t.d. gefa tannbursta, tannstöngla, greiður o.þ.h. (aðstæðubundið).
- Vinnuherbergin eru vandi, leggur til uppstillingu sem miðar að samvinnu og gerir fólk viðkvæmt í rýminu frekar en að geta falið sig bak við borð.
- Umræða um starfsmannastofu þar sem er matast og unnið saman.
- Rýmin eiga að sýna umhyggju, endurhugsaðu hefðbundin rými og virtu fagmennskuna.

Flokkunarkerfi hennar er líklega áhugavert og hjálpar til að skoða einstök rými skólabyggingarinnar. Og kannski að festast ekki í rýmum sem eru skilgreind fyrirfram sökum hefðar. Menningin lifir í rýminu, þ.e. hún þarfnast „efnisbirtingar“. Áskorun um að festast ekki í rýminu sem maður þekkir svo það verði ekki að venjubundinni upplifun sem má ekki breyta.

Samantekt: VH





**Erindisheiti: *ConstructEd#***

Fyrirlesari: Richard Gerver



[Richard Gerver](#) er sagður vera áhrifamikill leiðtogi á sviði menntunar í dag og hefur gefið út verðlaunabækur, fyrirlesari og hugsuður sem nær til alls heimsins. Nýjasta bók hans er [Education: A Manifesto for Change](#) hefur vakið athygli en aðrar bækur hans eru [Change](#), [Creating tomorrow schools today](#) og [Simple Thinking](#).

**Meginefni erindis**

Richard kynnir hugmyndir sínar um áskoranir sem mæta menntun og leiðtogum inn í 21. öldina út frá bók sinni, [Education: A Manifesto for Change](#). Að mæta hinu óþekkta, mikilvægi leiðtogans, um útvíkkaða hugsun og jákvæðar aðgerðir.

**1 Sýn**

Sýn (e. vision) er til umræðu. Áhyggjuefni varðandi menntun er hvað við erum upptekin og undir mikilli pressu „að miðla efni“ svo það er ekki gefinn tími til að ígrunda – sem kennarar, skólustjórar og stjórnendur. Erum haldin sektarkennd, sérstaklega ef við erum ekki á fullu og vinnum langan vinnudag. Við erum svo ákveðin í að miðla öllu því sem þarf að miðla. Við missum við það ákveðið tækifæri til að vera leiðtogar því það þarf bæði tíma og ígrundun til að vera leiðtogi og mikilvægi þess að miðla leiðtogasýnni sem svo mikil nauðsyn er á núna – til að gefa fólki meiri tilfinningu fyrir merkingu starfsins.

VIÐ ERUM UPPTEKIN OG UNDIR MIKILLI PRESSU „AÐ MIÐLA EFNI“ SVO VIÐ HÖFUM EKKI TÍMA TIL AÐ ÍGRUNDA.

Segir sögu af samtali við leiðtoga frá Google (Eric). Reynir að smjæðra fyrir honum til að ræða um ensk veitingahús. Hann var ráðinn af eigendum Google og stjórnaði fyrirtækinu. Allt snerist um að ræða hugmyndir (ekki verkefni, aðgerðir). Það sem er sérstakt við sögu Google eru áhrifin sem það hefur valdið. Mesta þráhyggjan er þegar við erum að hugsa um hvað aðrir gera og elta það („smalinn“) í stað þess að gera það sem sýnin okkar miðar að („forystusauðurinn“). Það hefur verið stærsta verkefni Google að vera hliðhollt sýn sinni.

Segir sögu af sjálfum sér spila fyrir utan Starbucks og hlusta á það sem fram fór inn á staðnum sjálfum. Upplifun af því hvernig aðrir báðu um kaffi – sem var allt annað en hann vildi. Veltir fyrir sér í þessu samhengi „shiny thinking“ (silfurkúlan) sem á að leysa öll vandamál. Veltir fyrir sér mörgum hugmyndum sem koma fram, alltaf sem það virðast sem nýjar hugmyndir mæti mótlæti („höfum gert þetta áður og þetta virkaði ekki þá!“). Ræðir einnig um mannlífsflækjurnar og tengsl við hugmyndir Broadspear og Hargreaves. Meginatríðið er að hið einfalda er mikilvægast: Góð kennsla. Því tækni mun aldrei leysa kennarann af hólmi. Það þarf að muna að nám er til að þroska mannlega hugsun og það gerist aðeins fyrir tilstuðlan þroskaðra einstaklinga og aldrei fyrir tilstuðlan tækninnar.

Kynnir skýrslu frá OECD um tengsl náms og atvinnulífs. Ætla að kynna helstu niðurstöður þessarar skýrslu sem Gerver finnst athyglisverð. Þetta er:

- Of mikil áhersla á formlega menntun frekar en raunhæfni starfsfólks
- Mikilvægi mannlegra tengsla frekar en venjuhugsunar, þ.e. samskipti umfram þekkingu.
- Allir geta lært og tekið breytingum; allt spurning um vilja eða áhuga til að læra nýja hluti; réttu hlutina.
- Nán tengsl menntunar og atvinnulífs og kannski nánara en áður (eða hvað?).

Umræða um að atvinnulífið á 21. öldinni telur að starfshæfni (hið tæknilega) sé auðlærð en það sem snýr að tengslum og breytingum sé hið flókna (hið mannlega). Það snýst um þroska frekar en þróun en Gerver ræðir um „evolution“ hér og Broadspear sömuleiðis (sbr. líkinguna um fiðrildi sem kemur úr púpunni) - sem mér finnst vera misskilningur því þetta snúst um þroska (development) en ekki þróun (evolution). Þróun er náttúruleg en þroski er menntunarlegur og afleiðing náms, persónulegur lærdómur sem kemur fyrir tilstilli náms en kemur ekki sem sjálfkrafa lífeðlisleg breyting.

## AÐ VERA SKAPANDI Í UMHVERFI ÞAR SEM ALLIR Hafa SÖMU FORSENDUR ER FLÓKIÐ.

### 2 Leiðtogi

Barry Barris (nóbelsverðlaunahafi í eðlisfræði) er náungi sem Gerver hefur hitt. Ræðir um hvernig hann réð fólk til starfa úr 3500 umsóknum sérfræðinga í lítinn rannsóknarhóp um 150 manna. Bara tvær krítírur voru til ráðningar: (1) að geta spurt heimskulegra spurninga (sem þarf til: einlægni, hugrekki, heiðarleiki, sjálfsvirðing) og (2)

fólk sem var umhugað um veröldina og var skapandi. Vandinn er að vera skapandi þar sem allir hugsa eins (t.d. með sömu menntun). Svo til að vera skapandi í umhverfi þar sem allir hafa sömu forsendur er flókið. Þurfum fjölbreytni. Alls konar fjölbreytni. Að vera opin fyrir nýjum hugmyndum. Gildir einnig um kennara. Um það hverju þeir miðla í kennslu. Að gera börnin opin fyrir heiminum og því sem hann hefur upp á bjóða á skapandi og nýjungagjarnan hátt.

Segir frá Steve Wozniak (annar stofnandi Apple) sem hann kynntist og er hetjan hans. Hvernig átti að undirbúa sig til að hitta hann? Tók selfie með honum, og það á Samsung síma. Þvílík skömm. Wozniak fyrirgaf honum það. Steve sagði þeir Steve Jobs hefðu ekki haft hugmynd hvað þeir ætluðu að gera í upphafi. Steve Jobs útvegaði fullt af samningum án þess að hafa nokkuð upp á bjóða, hvorki hæfni eða starfsfólk. Flest sem sagt er um Steve Jobs eru goðsögur. Þjuggu upphaflega til möntru: we will never employ anyone who needs managing! (Sérhver starfsmaður verður að stjórna sér sjálfur!) Hvernig finnur maður þá?

Ræðir um olympíuleikana í London 2016. Árangur Englendinga þar. Ræðir um þjálfun enska liðsins; „the assumption of excellence vs the assumption of

incompetence“. Árangur snýst um að velja sér það hugarfar sem skilar árangri! Að treysta fólki til að ná árangri frekar en að stjórna því. Fjallar hér um mikilvægi leiðtogans til að koma þessu á.

Fjallar um Aristoteles. Um það af hverju Google gengur svona vel, þ.e. annars vegar um „öndun“ (starfsaðstæður – sálfræðilegt öryggi, háðleiki, skipulag og skýrleiki, tilgangur, áhrif) og hins vegar um „virkni“ (hæfni í margvíslegum skilningi). Þeir nýttu sem hugmyndafræði Aristótelesar. Gamla hugmyndir.

### 3 Tilgangur

Veltir fyrir sér mikilvægi tilgangs. Segir sögu af pakistanskri móður sem byrjaði heimamenntun með börnin sín og síðan stækkaði hópurinn. Í dag um hálf milljón barna í hennar skólum. Það þarf hugrekki til að gerast leiðtogi. Setti eigin viðmið: strákar og stelpur skulu vera jöfn í hennar skóla. Hún hefur margsinnis orðið fyrir árásum. Önnur saga er um konu frá Suður-Ameríku.

Um að byrja í fátæktarhverfum til að menntast úr fátækt. En það dugði ekki að byggja skóla og veita aðgang. Vandinn var að skólinn virti ekki gildi hinna fátæku. Byggðu sér menningarmiðstöð fyrir hina fátæku til að segja sögu sína – en þurftu um leið að læra að lesa og skrifa til að skrá sögu og líf hinna fátæku. Stolt varð til. Þetta er bylting um að

komast úr fátækt til menningarbreytingar – sem menntun getur kallað fram. Þriðja sagan er um bandarískan skóla þar sem fjöldamorð áttu sér stað og afleiðingar; að þetta mætti aldrei gerast aftur. Segir frá skólanum Marjory Stoneman Douglast high school. Í yfir 50 ár hefur skólinn verið með miklar áherslur á mannréttindi og lýðræði. Þjuggu til nýjar áherslur í kjölfar skotárásar þar. Segir frá því þegar hann hitt Barak Obama. Telur hann mikinn mann, auðmjúkan en leið mikinn hugsuð: Allur vandi sem mannlífið snýst um er ekki tækni heldur fólk (kærleikur, hatur, grimmd, hefnd). Skólastarf þarfnast tilgangs, hugsjóna, leiðtoga.

Samantekt: VH

ALLUR VANDI SEM MANNLÍFIÐ  
SNÝST UM ER EKKI TÆKNI HELDUR  
FÓLK.



## Erindisheiti: *Impact thinking – Leading educational improvement amidst human complexity*

Fyrirlesari: Dr Simon Breakspear



[Simon Breakspear](#) er ástralskur fræðimaður og ráðgjafi sem hjálpar skólum við flóknar breytingar með því að efla lærdóm innan skipulagsheildar. Hann er kennari að mennt með doktorspróf og hefur ritað um [PISA prófin](#) í samstarfi við aðra. Hann er stofnandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins Agile schools sem nýtir sér [Agile aðferðafræðina](#) til að vinna að breytingum og skólaþróun um allan heim.

### Meginefni erindis

Sjónarmið Breakspear er að það sé ákall eftir hæfum leiðtogum á þessum tímum flækjubátta, efasemda og mótstöðu. Því eftir sem áður er þörf fyrir breytingar sem gerist með því að breyta, þ.e. forgangsröðun og breyta draumunum sínum til að breytingar eigi sér stað. Breakspear er þeirrar skoðunar að leiðtoga skorti fleiri verkfæri (hvernig) heldur en hugmyndir (hvað). Það er aukin pressa að ná sýnilegum árangri og það hratt. Framfarir eru illa sýnilegar en hann leggur áherslu á merkingarfullar breytingar. Aðferðafræði hans er Agile til að færa skólastjórnendum fleiri verkfæri til að ná árangri.

AGILE Á SVARA ÞESSU VERKEFNI  
AÐ VINNA AÐ BREYTINGUM Í  
FLÓKNU UMHVERFI.

Niðurstaða hans er að mannlífið er flókið. Skólar eru flókið tengslalegt vistkerfi. Ekkert er fyrirsjáanlegt og engir fastir ferlar til að fylgja. Túlkun er stöðugt í gangi og erfitt að spá fyrir um útkomuna. Agile á að svara þessu verkefni að vinna að jákvæðum breytingum í flóknu umhverfi. Þríþættur leiðtogaþáttur þar sem Agile er sérstakt hugarfar (e. mindset) um það að hafa áhrif og gefa sér ákveðnar forsendur til þess, hvað varðar leiðtogann sjálfan, verkfæri og aðstæður. Aðalatriðið er samt áhrifin sem ætlunin er að hafa.



Leiðtogaþæfni út frá Agile er þríþætt:

1. Áhersla á áhrif (e. focus on impact)
2. Lærdómur í gegnum daglegt samstarf (e. learn by doing).
3. Unnið sé með það sem gefst vel (e. iterate with evidence)

**1. Áhersla á áhrif:**

Vandi við innleiðingu nýrra áherslna birtist í þremur takmarkandi hugsanaformum sem Breakspear kallar:

- i. Yfirborðskennd hugsun (e. shiny thinking)
- ii. Forpökkuð hugsuð (e. prepackaged thinking)
- iii. Sniðhugsun (e. template thinking)

***i Yfirborðskennd hugsun***

Fyrsti vandinn er yfirborðskennd hugsun felur í sér að fara inn í breytingar án þess að hafa raunverulega þekkingu á því sem skal innleiða. Afleiðingin er að verkefni mistekst og skilvirkni minnkar. Meiri skilvirkni er afleiðing aukinnar hæfni sem maður afla sér og fæst því ekki með yfirborðskenndri hugsun. Snýst um að hafa væntingar sömuleiðis. Sem lið þarf að hafa trú á því að geta haft áhrif, kennarar að hafa trú á nemendum og kennslu sinni. Með nægilegri þekkingu á því sem skal innleiða.

***ii. Forpökkuð hugsun***

Annar vandi er að halda að allar lausnir séu einfaldar, innpakkaðar og auðkaupanlegar án þess að þurfa að aðlaga þær að sínum staðbundnum aðstæðum. Ekkert er að því að tileinka sér aðferðir annarra en þær verður alltaf að laga að aðstæðum á hverjum stað. Mikilvægt er að hafa mikla þekkingu á eigin aðstæðum til að geta aðlagað nýja þekkingu að mínum aðstæðum og komið breytingum á.

***iii. Sniðhugsun***

Síðasta takmörkunin í því að ná árangri er sniðhugsun, þ.e. að vinna eftir fyrirfram skipulagi („tékka í boxin“) og halda að það eitt gefi árangur. Of mikið að vera að ljúka atriðum frekar en að það hafi áhrif sem maður gerir. Það mun enginn annar hugsa fyrir þig og færa þér flýtleið að árangri. Svo í heildina séð er vandinn að vinna með nýjar hugmyndir og aðferðir án þess að skilja þær og taka þær gagnrýnislaust í eigin skóla án þess að vita afleiðingar þeirra eða geta innleitt þær af skilningi.

VANDI VIÐ INNLEIÐINGU NÝRRÁ  
ÁHERSLNA BIRTIST Í ÞREMUR TAK-  
MARKANDI HUGSANAFORMUM.

Svo lausnin við þessum þrjúþætta vanda (yfirborðs-, forpakkaðri og sniðhugsun) er þrenns konar:

- i. Forgangsröðun (e. setting priorities)
- ii. Afmarka krefjandi verkefni (e. framing problems)
- iii. Finna leiðir til úrlausna (e. crafting pathways)

***i Forgangsröðun***

Forgangsröðun snýst um að gera minna en gera það þeim mun betur. Um leið krefur það að hafa skýra sýn á starfið og hvað þarfnast umbóta og breytinga. Snýst um að afmarka sig og sinna þeim verkefnum vel. Það krefst mikillar vinnu fyrir leiðtogann að finna hæfnina sem þarf til þess. Góðar ætlanir duga ekki til, meira þarf til og þá sérstaklega eigin athafnasemi og hugsun samhliða

og í samvinnu við aðra. Breakspear leggur til tvo lista fyrir leiðtoga í forgangsröðun:

- Hvað er mikilvægt?
- Hvað er gert til að gera betur?

Einnar síðu stefnumótun skal nægja til að skýra forgangsröðunina, t.d. „Hver nemandi er þekktur, viðurkenndur og borin er umhyggja fyrir honum“ (e. Every student is known, valued and cared for). Stefna er mikilvægari en hraði.

### ii. Afmarka krefjandi verkefni

Finna þarf raunveruleg verkefni sem þarf að leysa en láta annað vera (óleyst). Svo þetta snýst ekki um að vera sífellt að leita lausna heldur frekar að láta vera óleyst (sem þarf ekki heldur að leysa). Hvernig veit maður hvað verkefni þarf að leysa? Skortur á þekkingu og greiningu og ónógur skilningur á aðstæðum. Horfa frekar á sýn (til skamms og langs tíma) sem verkefni sem ætlunin er að ná frekar en að fást við að leysa skammtíavanda sem aðrir ættu að leysa – jafnvel þeir sjálfir. Vandi leysist út frá sýninni sem er framfylgt í verkefnum. Kemur með fiðrildalíkinguna, þ.e. umbreytingarhugmyndina.


### iii. Finna leiðir til úrlausna

Broadspear ræðir um hugrænar breytingar (starfsmanna) umfram breytingar á starfsháttum (athafnir). Mikilvægast að hafa áhrif á kennarana/fagfólkið frekar en einstaka starfshætti ef ég skil hann rétt. Hann er maður ferlisins. Ekki einfalt þó, sökum þess að mannlífið er flækja.

Að endingu, sálfræðilegt öryggi er mikilvægt sem grunnur að samvinnu og námi. Aðalatriðið eru merkingarþættir breytingar; breytingar sem skipta máli og varast beri einfaldar breytingar. Því veruleikinn er flókinn og margt sem þarf að taka tillit til eigi breytingar að skila viðeigandi árangri til lengri tíma.

Nánari kynningu á þessum sjónarmiðum Agile aðferðafræðinnar í skólastarfi má finna í greinum á heimasíðu Breakspear eftir hann, [Agile implementation for learning](#) og í samstarfi við aðra, [Developing Agile Leaders of learning: School leadership policy for dynamic times](#).

Samantekt: VH.



## 5. Raddir íslensku þátttakendanna

Hér eru birtar raddir einstakra íslensku þátttakendanna á ráðstefnunni eins og þeir upplifðu hana. Þannig er ekki lögð til nein sérstök lína eða áhersla í því hvernig þeir birtu sjónarmið sín – nema hvað helst að það væri ekki of langt og mikilvægt væri að sem flestir þátttakenda settu fram sjónarmið sín. Með því móti að sem flestar „raddir“ birtust hér væri líklegra að átta sig á þeim veruleika sem ferðin á ráðstefnuna skildi eftir sig, bæði hjá einstaklingum og hópnum í heild sinni. Framsetningin tekur mið af stafrófsröð í nöfnum íslensku þátttakendanna samkvæmt gamalli og gildri íslenskri skólahefð.

### Árný Inga Pálsdóttir (Reykjavík)

Ráðstefnan í Banff var mjög áhugaverð, gott skipulag og umgjörð og margir framúrskarandi fyrirlesarar. Ferð eins og þessi gefur einnig kærkomið tækifæri til þess að ræða starfið sitt og áskoranir sem því tengjast við félagi sína í SÍ.

Það sem ég tek einkum með mér er að fá enn og aftur staðfestingu á því að gott lærdóms-samfélag er lykillinn að góðu skólustarfi sem og starfsþróun kennara. Ég kem heim með hugmyndir um hvernig ég get styrkt enn betur starfsþróun kennara og stjórnenda og hvaða leiðir er hægt að fara í þeim efnum.

Annað sem vert er að nefna er hve mikilvægt er að huga að velferð nemenda og efla seiglu þeirra og áræðni og þar er útivist og áskoranir sem henni tengjast mjög áhrifarík leið.

### Bryndís Garðarsdóttir (Reykjanesbær)

Fyrirlestrar sem sitja hvað mest eftir hjá mér eru þessir: Málstofa um nemendur sem koma sem flóttafólk inn í skólana. Saga nokkurra nemenda sögð þar sem upplifanir þeirra gerðu það að verkum að þeir höfðu ekki forsendur til að haga sér í takt við það sem var að gerast inni í kennslustofunum. Umræður um hversu mikilvægt væri að nálgast þessa nemendur út frá þeim sjálfum og þeirri reynslu sem þeir hafa þurft að ganga í gegnum. Mikilvægt fyrir kennara að mynda tengsl við nemendur og skapa þannig öryggi. Barn sem er ekki öruggt lærir ekki. Mikilvægt væri læra nöfn þessara nemenda. Þau hafa í sumum tilfellum misst allt og það eina sem tengir þau við „fyrra líf“ er nafnið þeirra.

Teaching sprints: Í lykilyfirlestrinum kom fram að hlutverk stjórnenda er að spyrja réttu spurninga í stað þess að koma alltaf með svör fyrir kennarana. Agile stjórnun = Hafa augun á útkomunni í stað þess að einbeita sér að leiðinni. „Allir geta bætt sig í einhverju en enginn getur bætt sig í öllu.“ Aðferðin gengur út á að kennarinn einbeitir sér að því að bæta sig í e-u einu í 4 vikur og fer svo yfir hvort hann hefur bætt færni sína og skipuleggur þá í framhaldi hvað hann getur bætt næst. Á þessum „Sprint review“ fundum eru kennarar og stjórnendur eða teymi sem heldur utan um þetta.

### Elín Einarsdóttir (Mýrdalshreppur)

Upplifun mín af **ulead 2019** í var mjög jákvæð. Ég var sérstaklega hrifin af fyrirlestrum prófessoranna Andy Hargreaves og Richard Gerver. Rauði þráðurinn fyrir mér var þessi aukna áhersla mannleg gildi í stjórnun skóla, forystu sem einkennist af umhyggju fyrir líðan nemenda

og starfsfólks. Jafnframt mikilvægi þess að stjórnendur hafi skýra sýn til lengri tíma og láti ekki toga sig fram og til baka. Hafa færri járn í eldinum en móta vel þau sem eru. Jafnframt að stjórnendur vinni af einhug við hlið kennara að breytingum og innleiðingu nýrra verkefna í skólastarfi.

Mér fannst flestar málstofur sem ég sótti áhugaverðar og ráðstefnan í heild vel skipulögð. Öll umgjörð til fyrirmyndar og staðsetningin í Banff tilkomumikil. Þá var þessi vika líka gagnleg til þess að kynnast nýju fólki og skiptast á skoðunum og hugmyndum um skólastarf.

### **Friðrik Arnarson (Dalvíkurbyggð)**

Á síðustu árum hefur mikil áhersla verið á hlutverk stjórnendans sem leiðtoga, að skólastjórinn leiði hópinn, sé í forsvari, talsmaður breytinga og svo mætti lengi telja. Töluvert hefur verið rætt um árangur og ábyrgð skólastjóra. Á **ulead 2019** kom fram mikilvægi þess að stjórnendur hugi ekki eingöngu að því sem á að gera, heldur hvernig á að vinna að markmiðum. Þeim verði ekki náð án þess að kennarar og stjórnendur vinni að sameiginlegum markmiðum. Spyrja þarf gagnrýnna spurninga, hverju viljum við breyta (hvert er verkefnið/vandamálið), hverju viljum við ná fram með breytingum (hverju eiga breytingarnar að skila), hverju þurfum við að breyta til að ná betri árangri og hvernig vitum við að breytingar hafi skilað tilætluðum árangri?

Til að ná markmiðum breytinga og til þess að breytingar eigi sér stað þarf að virkja starfsfólk, skapa sameiginlega sýn og gefa öllum tækifæri til að eiga hlut í verkefnum. Samvinna, samstarf og samheldni þarf að ríkja í starfsmannahópnum, starfsmenn þurfa að finna að hlustað sé á þá og að þeir hafi áhrif. Hlutverk stjórnenda er að virkja samstarf og sköpunarkraft kennara í þágu nemenda.

Á sama hátt þarf að huga að námi barna. Nemendur þurfa að finna að verið sé að vinna með þeim og fyrir þá. Samvinna, t.d. með teymisvinnu kennara, er því mikilvæg, hún bætir námsárangur, skuldbindingu nemenda við námið og tryggir að kennarar leggi sitt að mörkum til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Huga þarf að velferð nemenda, börn þurfa að geta fundið innri ró í skólanum, læra að greina úr áreitum og læra að stjórna tilfinningum sínum. Árangur nemenda er ekki eingöngu hægt að meta í einkunnum, skoða þarf námsferlið, t.d. í gegnum leiðsagnarmat og stuðla að því að þeir þroskist og dafni í skólanum.

### **Gróa Axelsdóttir (Reykjanesbær)**

Ráðstefnan opnaði enn frekar huga minn í átt að fjölbreyttari námsþáttum og hvernig við getum auðgað umhverfi nemenda. Aðalfyrirlestrarnir voru mjög fróðlegir og góðir. Þeir vöktu mann til umhugsunar um hvernig við erum að skipuleggja skólarýmin og hvernig við getum gert umhverfið enn betra, skilvirkara og fallegra. Þeir voru einnig að vekja máls á því að samtal og samvinna er lykilatriði í skólastarfi. Það er það sem ég tók með mér frá þeim – Collaboration 😊

Málstofurnar voru mismunandi og misfróðlegar. Af þeim tók ég verkfæri sem ég ætla að fara yfir með kennurum í haust. Eins og hvernig við getum gert vinnu nemenda sýnilegri og um leið að þjálfra t.d. nemendur í því að segja frá vinnu vikunnar o.s.frv. Sú vinna verður sýnileg upp á vegg fyrir gesti og gangandi og um leið til upplýsinga fyrir nemendur sjálfa.

Það var gaman að hlusta á málstofur frá fólki sem er úr skólaumhverfinu. Að læra nýtt og taka með sér en á sama tíma sá ég líka að það er ótrúlega margt og gott starf í gangi í mínum skóla



og á svæðinu. Við í raun gætum öll verið með málstofur og sagt frá verkefnum og verkfærum sem við nýtum í skólastarfinu. Við þurfum kannski að minna okkur á það ☺

Frábær félagskapur og tengslanetið útvíkkað enn frekar.

### Hafsteinn Karlsson (Kópavogur)

Það er mikilvægt fyrir okkur skólafólk að hittast, læra af öðrum og ræða stefnur og strauma í skólamálu. Ráðstefnan í Banff er eftirsóknarverður vettvangur fyrir margra hluta sakir. Í Kanada hafa verið tekin markviss skref í skólaþróun á undanförunum árum sem aðrar þjóðir horfa til. Fræðimenn og skólafólk hefur unnið saman að skólaumbótum og þar er því mikil gróska. Fyrirlestrar og málstofur endurspeglar þessa grósku. Ekki má gleyma hinu einstaka umhverfi ráðstefnunnar sem hreinsar hugann og auðgar andann. Megin stefið á ráðstefnunni var lærdómssamfélag. Það var ásinn sem annað snérist um s.s. teymisvinna, samstarf, náms-umhverfi, símenntun, tungutakið, umhyggja og virðing fyrir öllum nemendum. Öll þessi hugtök sem við höfum sett sem einkunnarorð skólanna okkar hér á Íslandi. Það sem mér er efst í huga eftir þessa góðu ráðstefnu er að Ísland er lítið land og hér á að vera hægt að byggja upp öflugt lærdómssamfélag sem nær til alls þéttbýlis og dreifbýlis, djúpt inn til dala og út á ystu annes. Þá verða allir að spila með. Skólarnir á Íslandi eru komnir vel á veg í þessari hugsun og eru í lykilhlutverki en sveitarfélög, ráðuneyti og stofnanir verða að fylgja með og veita góðan stuðning í anda lærdómssamfélagsins í stað þess að leggja mælistiku fortíðar á skólastarf svo eitthvað sé nefnt. "Direction is more important than speed" eins og einn fyrirlesarinn komst að orði og bætti við "lets make better mistakes tomorrow!".

Ég vil þakka formanni Skólastjórafélagsins fyrir sérlega góða skipulagningu á ferðinni fyrir okkur Íslendingana.

### Hrönn Bergþórsdóttir (Hafnarfjörður)

Ferðin til Banff var frábær í alla staði, bæði að hlusta á fagleg málefni og einni að ræða um þau við félagabæði frá Hafnarfirði sem annars staðar af landinu. Það er mikilvægt fyrir skólastjórnendur að efla tengslanetið en slíkt tækifæri er mikils virði. Á ráðstefnunni fékk maður það sem er efst á baugi í skólamálu beint í æð.

Opunarfyrirlesturinn hennar Rebeccu Hare, *The Culture of Space*, vakti áhuga minn og tengdi við það sem ég hef verið að fást við í mínum skóla. Þar var fjallað um það hvernig húsnaðið hefði áhrif á skólabrag og hvernig mætti nota skólarýmin á fjölbreyttan hátt á nýjum tímum. Kom hún fram með margar skemmtilegar hugmyndir um breytt rými.

Í mörgum erindum kom fram hve mikilvægt það er að huga að velferð nemenda og að efla seiglu þeirra til að takast á við þær áskoranir sem bíða þeirra. Ég fór á erindi um „Caring“ í skólastarfi sem var einmitt í þessum anda að láta sig varða um líðan nemenda og það hefur áhrif á skólabrag.

Mér er minnstætt erindi þar sem fjallað var um að mennta nemandann á öllum sviðum og huga að því að koma til móts við ólíkar þarfir hans til þroska og náms. Talað var um að árangur eigi ekki að meta eingöngu með einkunnum heldur nota leiðsagnarmat og stuðla að þroska á fleiri sviðum. Notað víðara sjónarhorn á nemandann og hæfileika hans.

Einnig var í mörgum erindum verið að ræða um mikilvægi teymisvinnu og samvinnu kennara. Fjallað var um hlutverk stjórnandans sem leiðtoga sem leiði hópinn og er talsmaður þróunar í starfi og breytinga. Hvernig þarf að vinna að breytingum með því að fá kennarana með sér og virkja sköpunarkraft þeirra til að taka verkefnið áfram og eiga hlut í þeim.

### Ingibjörg Magnúsdóttir (Hafnarfjörður)

Ferðin til Banff var frábær, bæði til að efla tengslanet og til að fá fræðslu um það sem er efst á baugi í umræðu um skólamáli í dag. Fyrirlestur Rebeccu Hare *The Culture of Space* talaði beint til mín, þar sem ég er mikið að spá í uppbyggingu skóla og skólamenningu þá var þetta frábært innlegg í þær þælingar. Skólinn er fyrir nemendur og á að vera hugsaður til að þeim líði vel og það á að vera hægt að sjá fyrir hvað skólinn stendur á göngum skólans, þegar fólk kemur inn í hann. Áherslan er á einfaldleika og að húsgögn styðji við fjölbreytta kennsluhætti og að það sé auðvelt að breyta uppröðun inn í skólastofu út frá þeim verkefnum sem verið er að leggja upp með.

Mér fannst koma fram í mörgum fyrirlesturum að áherslan væri á að hafa hlutina einfalda, ekki einbeita sér að mörgu í einu og vera viss hvert þú stefnir. Þá eiga markmiðin að vera mælanleg og leiðin að þeim skýr. Fólk þarf að vera með markmið til margra ára en plan til að ná þeim aðeins til 3 ára. Þá var líka áherslan á að styðja vel við fólk okkar bæði faglega og persónulega og sjá til þess að við bjóðum þeim upp á gott starfsumhverfi en jafnframt að gera kröfur á það um að vera vel undirbúin. Þá er nauðsynlegt fyrir okkur að taka þátt í faglegri umræðu við kennarana okkar og taka þátt í því sem við ætlumst til að kennararnir okkar gera, ganga á undan með góðu fordæmi.

Þessi ferð þjappaði saman hópnum okkar úr Hafnarfirði, við kynntumst betur og á annan hátt en bara í sambandi við vinnutengd verkefni. Þetta var frábært framtak hjá Hafnarfjarðarbæ, takk fyrir mig.

### Ingileif Ásvaldsdóttir (Hörgársveit)

Á **uLead 2019** í Banff lærði ég hve miklu máli það skiptir að skólastjórnandinn fylgist vel með því hvað getur haft áhrif á skólastarfið og vinsi úr það sem þjónar ekki markmiðum þess (Quick fixes og Silverbullets). Til þess að geta það þarf skólastjórnandinn að vera meðvitaður um sýn og markmið starfsins og innihald menntunar sem gagnast nemendum og samfélagi til framtíðar. Bæði í aðalfyrirlesturum og á málstofum Simon Breakspear og Andy Hargreaves komu fram hugleiðingar og hagnýt ráð um hversu nauðsynlegt það er að að nýta og hlú betur að því starfi sem fyrir er í stað þess að bæta fleiri verkefnum við starfið. Hluti af því er að skólastjórnendur eigi ígrunduð og öguð samtöl við fagsamfélag skólanna um starfsþróun þeirra og framfarir nemenda.

Á ráðstefnunni undir þemanu Innovation var ég með málstofuna *The school leader's role in developing a professional learning community*. Í málstofunni kynnti ég samstarfsverkefni sex skóla við Eyjafjörð um menntabúðir í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Samstarfsverkefnið gengur undir nafninu #Eymennt. Einnig sagði ég frá stöðumati á verkefninu og speglaði niðurstöður matsins í kenningum um lærdómssamfélag. Að lokum sagði ég frá því hvaða verkefni skólastjórnendur skólanna í samstarfsverkefninu telja vera mikilvægustu verkefni sín við að þróa og viðhalda lærdómssamfélagi eins og #Eymennt. Málstofan var vel sótt og fékk ég áhugaverðar

spurningar og uppbyggileg viðbrögð. Hægt er að nálgast glærur málstofunnar á slóðinni: [http://bit.ly/Ulead2019\\_ingileif](http://bit.ly/Ulead2019_ingileif).

#### Lars Jóhann Imsland (Hafnarfjörður)

Upplifun mín af alþjóðlegu ráðstefnunni **uLead 2019** í Banff er mjög jákvæð. Öll umgjörð var til fyrirmyndar og gott framboð var af áhugaverðum fræðsluerindum. Þemað í ár höfðaði sérstaklega til mín því leiðtoga og leiðsagnarhlutverk skólastjóra er mér hugleikið. Það er mikilvægt að skólastjórnendur séu meðvitaðir um leiðtogahlutverk sitt og að þeir leiti leiða til að efla sig sem slíkir. Mér finnst **uLead 2019** hafa uppfyllt þær væntingar sem ég hafði áður en ég fór af stað og ég tel mig hafa fengið gott fóður til að næra mig sem leiðtoga í minni stofnun.

#### Leifur S. Garðarsson (Hafnarfjörður)

uLead ráðstefnan bauð uppá alls kyns útgáfur af fræðslu. Aðalfyrirlestrar ráðstefnunnar voru mjög góðir en þeir minni misstu sumir marks. Þó voru nokkrar málstofur með ágætum. Eitthvað var um að kynning á málstofu gæfi ekki alveg rétta mynd af því sem síðan varð raunin. Ráðstefnan í heild var fín, haldin í stórbrotinu umhverfi og félagsskapurinn virkilega góður.

#### Linda Udengård (Mosfellsbær)

Ráðstefnan var upplifun fyrir skilningarvitin og kveikti hugmyndir. Fyrirlestrar allflestir áheyrilegir og sérstaklega sá fyrsti um hönnun skólahúsnæðis. Hönnun býr til menningu skóla - umhugsunarvert. Framboð af fyrirlestrum var gott en lýsingar á efni þeirra var ekki alltaf í samræmi við innihald ... en þá var óvissuferð næsta klukkutímamann. Umhverfi ráðstefnunnar stórbrotið og var í takt við hönnunarfyrirlesturinn, umhverfið mótar hugann! Skemmtilegir ferðafélagar og ráðstefnugestir sem voru ósínkir á að deila þekkingu.

#### Jóhanna Magnúsdóttir (Mosfellsbær)

Ánægjuleg upplifun af þessari ráðstefnu og staðsetningu. Góðir aðalfyrirlestrar, sérstaklega Rebecca Hare, Richard Gerver og Andy Hargreaves.

Sat nokkrar áhugaverðar málstofur en einnig aðrar sem vöktu síður áhuga. Staðsetningin í Banff er svo mögnuð og hótelið eins og ævintýraheimur. Skemmtilegur hópur sem hélt vel saman og undir það ýtir staðsetningin væntanlega. Ánægjuleg upplifun.

#### Magnea S. Ingimundardóttir (Mosfellsbær)

Heilt á litið var ég mjög ánægð með ráðstefnuna og þá sérstaklega stóðu upp úr þau Rebecca Hare og Richard Gerver en á eftir hans aðalfyrirlestri sat ég málstofu hjá honum sem jafnframt var mjög áhugaverð. Ein málstofa sem stóð upp úr var með Joseph Dumont en hann fjallaði um mikilvægi góðra tengsla í stjórnun. Frábær staðsetning á ráðstefnunni þar sem staðurinn umlukti þátttakendur og hópar héldu saman og áhugavert að fá tækifæri til að spjalla við fólk víðsvegar að úr heiminum og mynda tengsl eða koma fólki í tengsl við aðra. Sjaldan sem starfsfólki fræðsluskrifstofa gefst færi á að fara á fagtengdar ráðstefnur og hitta stjórnendur (samlanda sem aðra) og starfsmenn úr stjórnsýslu. Það þótti mér mjög gefandi.

**Margrét Sverrisdóttir (Hafnarfjörður)**

Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru flottir og áhugaverðir, svo var hægt að velja úr mjög mörgum minni málstofum. Ég ákvað að velja málstofur sem ég taldi að tengdust að einhverju leyti leiðtogaferni/hæfni. Mér fannst málstofurnar misjafnlega áhugaverðar.

Það sem stendur upp úr, en kemur ekki á óvart er mikilvægi trausts í allri vinnu, alls staðar. Að við þurfum að byggja upp traust meðal starfsmanna, foreldra og nemenda. Þetta áhugaverða myndband var sýnt á einni málstofunni sem ég sat. Sjá

[https://www.youtube.com/watch?v=g\\_yKZ\\_3-2N8](https://www.youtube.com/watch?v=g_yKZ_3-2N8)

Að takast ekki á við of mörgum verkefni á sama tíma, heldur leggja áherslu á færri atriði og fara á dýptina voru einnig gegnumgangandi skilaboð.

Annars er ég afar þakklát fyrir að hafa fengið að „detta“ inn í hópinn á síðustu stundu. Takk fyrir frábæran félagsskap!

**María Pálmadóttir (Hafnarfjörður)**

Upplifun mín af ráðstefnunni **uLead 2019** var í alla staði jákvæð og ánægjuleg. Aðstæður frábærar og ekki spillti dásamlegt umhverfi og skemmtilegur félagsskapur fyrir heildarupplifun. Í fáum orðum fannst mér rauði þráðurinn í því sem ég heyrði snúast um mikilvægi þess að stjórnendur rækti leiðtogahlutverkið, forgangsraði verkefnum í þágu nemenda og kennara, veiti endurgjöf, skapi aðstæður til ígrundunar og samstarfs, takist ekki of mikið í fang og hafi það hugfast að allt sem gert er innan veggja skólans hafi tilgang. Leiðtogar þurfi að hafa kjark til að standa með sjálfum sér og vera óhræddir við að spyrja gagnrýnna spurninga. Einnig að með markvissri samvinnu og samstarfi upphefjum við fagmennsku okkar og náum þannig betri árangri. Oft finnst mér að tíminn týnist við ýmis störf og verkefni sem ekki tengjast beinlínis því mikilvæga hlutverki skólastjórans að vera faglegur leiðtogi og nauðsynlegt að fá tækifæri sem þetta til að ígrunda það hlutverk og skerpa sýn á það sem máli skiptir. Frábært framtak að gefa okkur sem störfum hjá Hafnarfjarðarbæ tækifæri til að fara saman í þessa ferð. Það eflir okkur enn frekar. Ég þakka kærlega fyrir mig.

**Vigfús Hallgrímsson (Hafnarfjörður)**

*Hvað gerðist?* Á vissan hátt er yfirþyrmandi að ætla sér að gefa heildarmynd af upplifun minni og þeim áhrifum sem **uLead 2019** hafði fram að færa – hvort sem maður telur að maður hafi grætt mikið á henni eða ekki. Alla vega er ljóst að gríðarlega mikil upplýsingamiðlun, sem getur þá orðið að þekkingarsköpun hjá mér, átti sér stað á ráðstefnunni; hvort heldur í gegnum fræðsluna eða umræðuna. Eða við að vera hluti af ferðahópi sem stóð þétt saman í tæpa viku með stífa dagskrá á bakinu. Það var mikið verkefni (en ekki óyfirstíganlegt) að sitja og hlusta á erindi á ensku í tvo og hálfan dag og reyna að fanga sem mest af upplýsingum sem voru lagðar fram á ráðstefnunni samhliða því að skrifa hjá sér punkta eða aðalatriði hvers erindis. Margt áhugavert en miserfitt var að velja milli málstofanna sem boðið var upp í hverju málstofubili. Erindin (aðalfyrirlestrar sem málstofur) náðu misjafnlega mikið til mín – af ýmsum ástæðum. Sumt var of fjarlægt manni og annað skildi ég ekki nægilega vel (auðveldara að skilja Englendinga en Ástrali uppgötvaði ég en kannski var það bara mannamunur). Þá var ég ósammála sumu sem kom fram í umræðunni og taldi að það hefði lítið fram að færa til þróunar skólastarfsins. Það væri ekki nægilega djúpt eða einfalda áherslur sem ég tel að komi skólastarfinu ekki til góða og

stangaðist þá á við mín sjónarmið (þótt þau geti vissulega líka breyst og ég orðið fyrir áhrifum til breytinga). Þá er ég enn að melta ýmislegt af því sem sagt var og ég er að reyna að meðtaka sem mest af því sem ég heyrði til að dýpka skilning minn á skólastarfi og nýta upplýsingar sem ég fékk í nýja þekkingarsköpun.

*Svo hvað lærði ég eða upplifði á uLead 2019?* Það má kannski segja að áherslur ráðstefnunnar væru á leiðtogasýn út frá húmanískum viðhorfum til skólastarfsins og mannlífsins, það er áherslan er á hinn vitra leiðtoga sem skilur umhverfi sitt, leggur rækt við umhyggju, vellíðan og nám nemenda. Einnig að skilja vel mikilvægi sitt og hafa til að bera auðmjúka hæfni til að innleiða heppilegar breytingar meðal samstarfsfólk með sýn einfaldleika og skýrri forgangsröðun. Gegn þeim birtast sjónarmið í skólamálapólitík sem um margt er ekki trú að á leysi neitt heldur að þær auki á vanda skóla (ofstöðlun skólastarfsins sem auki vinnuálag, bæti í misrétti meðal nemenda, dragi úr starfsgleði stjórnenda og valdefli ekki kennara) sökum utanaðkomandi ákvarðana um framkvæmd skólastarfsins sem fellur illa að fagsjónarmiðum og ábyrgð þeirra sem starfa í skólunum. Skólastjórnendur þyrftu samt að framfylgja slíkum menntaáherslum þar sem faglegt traust væri ekki borið til kennarastéttarinnar svo traust varð einhvern veginn hið nýja leiðarstef hinnar húmanísku leiðtogasýnar á ráðstefnunni. Áhersla ráðstefnunnar var þannig að takast á við þær áskoranir sem skólastjórnendur, sem leiðtogar, stæðu frammi fyrir í aðstæðum dagsins (flóknar, krefjandi, aðstæðubundnar). Einnig, hvernig ætti að bregðast við þeim út frá sjónarmiðum sem styðja við leiðtogahæfni er færði skólunum mest gæði, nemendum sem besta menntun og samfélaginu sem mestan ábata. Það væri áskorun til skólastjórnenda í dag því alþjóðleg menntapólitísk sjónarmið væru ekki endilega öll hliðholl eða samrýmanleg þeim leiðtogaáherslum sem lögð var mest áhersla á á ráðstefnunni. Manni virðist af umræðunni á ráðstefnunni að margir líti jákvæðum augum til Íslands, eiginlega öfundaraugum, í þessu samhengi sem geti boðið upp á samhæft, opinbert skólastarf sem stuðli að auknum jöfnuði. Ísland sé „saklausa landið“ enn sem komið er í uppbyggingu menntakerfis.

### **Þorgerður Laufey Diðriksdóttir (KÍ, Félag grunnskólakennara)**

Upplifun mín af ráðstefnunni var fyrst og fremst gleði að tilheyra fagstétt þvert á landamæri. Að vera þátttakandi með 1200 kennurum frá öllum heimshornum og finna það sem sameinar okkur og leggur grunn að því að kennsla er ævistarf sem litar sjálfsmynd okkar og mannskilning.

Að halda ráðstefnu í umhverfi þar sem fegurðin er ólýsanleg og allt miðar að því að borin sé virðing fyrir þátttakendum gerir upplifunina enn stærri og djúpstæðari.

Það sem vakti mesta athygli mína er reynsla og þekking Kanadamanna á erlendu samstarfi og hæfileiki þeirra að koma á og leggja línur til framtíðar un samstarf milli landa og ríkja sem birtist mér hvað best í þeim einlæga vilja þeirra til að hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa.

Framúrskarandi vinnubrögð við að koma á samskiptum milli Íslands og Kanada sem ég veit að eiga eftir að bera enn frekari ávöxt er nesti sem ég tók með mér úr þessari ferð.

Takk fyrir frábæra daga.

**Þorsteinn Hjartarson (Árborg)**

Ráðstefnan **uLead 2019** í Banff var bæði gagnleg og skemmtileg og ekki spillti fyrir að hafa frábæra ferðafélaga frá Íslandi. Umhverfið í Klettafjöllunum er stórfenglegt og flott að hafa fengið tækifæri til að fara í skoðunarferð um þjóðgarðinn í góðum félagsskap. Sjálfur hef ég í störfum mínum sem fræðslustjóri í Árborg verið upptekinn af því að vinna í anda hugmyndafræði lærdómssamfélagsins (e. Professional learning community) og því var ánægjulegt að sjá og heyra þann anda svífa sterkt yfir vötnum á **uLead 2019**. Minnst m.a. málstofu sem fimm skólastjórar frá Nýja-Sjálandi stóðu fyrir þar sem þeir lýstu hvernig þeir hefðu markvisst byggt upp faglegt samstarf sín á milli með eflingu starfsþróunar kennara að leiðarljósi. Það hefði m.a. stuðlað að gagnkvæmum faglegum stuðningi innan skólastjórahópsins og aukinni ánægju þeirra í starfi, stofnun fagteyma (menntabúða) þvert á skóla og mikillar valdeflingar kennaranna. Nú er svo komið að kennararnir eru í raun komnir efst í skipuritið og skólastjórnir neðst þar sem þeir mynda þeir sameiginlegan hvatningar- og stuðningsgrunn fyrir skólana sína og allt skóla-samfélagið.

**Þrúður Hjelm (Mosfellsbær)**

Mín upplifun af ráðstefnunni í heild var mjög góð. Aðalfyrirlestrar voru sérstaklega góðir og vöktu mig til umhugsunar um grunnþætti og gildi í mínu starfi. Málstofurnar voru fjölbreyttar og ég hitti á málstofur sem voru mjög áhugaverðar en einnig einhverjar sem hentuðu mér ekki.

Staðsetningin í Banff hafði einnig mikil áhrif á mig og þann blæ sem var yfir þátttakendum. Svæðið stuðlaði að miklum samskiptum og umræðum milli fólks enda ekki margt sem truflaði okkur. Ef ráðstefnan væri haldin í borg væru þátttakendur að dreifast meira heldur en í þeirri paradís sem Banff er.

Það sem ég tek með mér er bæði fróðleikur, góð samvera og áhugavert fólk sem ég hitti og ræddi við.

# Viðauki

# Viðauki 1: Samstarfsverkefni Íslands og kennarasamtaka Albertafylkis

## Málstofa um samstarfsverkefni Íslands og Alberta fylkis „Exchanging Minds“ ULead 2019 Banff Kanada

Ein þeirra málstofa sem var í boði á ráðstefnunni fjallaði um samstarfsverkefni Íslands og Alberta fylkis í Kanada, „Exchanging minds“

Kennarasamtökin í Albertafylki hafa verið í samstarfi á undanförunum árum við Þýskaland, Spán og Ástralíu um styttri og lengri samstarfsverkefni, þar sem skólastjórnendur og kennarar hafa átt þess kost að dvelja allt frá tveimur vikum upp á ár við endurmenntun eða skiptistarf í öðru landi.

Eitt þessara verkefna er fólgið í því að einstaklingar búa í tvær vikur inni á heimili samstarfsaðila og fylgja viðkomandi eftir í starfi hans á þeim tíma.

Skólaárið 2018 – 2019 bauðst Skólastjórafélagi Íslands í fyrsta sinn að taka þátt í þessu verkefni þegar þrjár skólastjórar frá Íslandi dvöldu í Kanada að hausti og tóku síðan á móti samstarfsaðilum sínum á Íslandi nú í vor.

Verkefnið tókst afar vel og hefur verið ákveðið að halda samstarfinu áfram og skólaárið 2019 – 2020 munu fjórir skólastjórnendur á Íslandi taka þátt í verkefninu.

Stefnan hefur verið sett á þann möguleika að bjóða kennurum upp á sambærilega endurmenntun á komandi árum.

Á málstofunni var fjallað um reynsluna af þessum verkefnum í mismunandi löndum og hverju verkefni sem þessi skiluðu til þeirra einstaklinga sem þátt tækju í þeim. Fjallaði formaður SÍ, Þorsteinn Sæberg, um reynslu íslensku skólastjórnendanna af verkefninu ásamt því að kanadískir skólastjórnendur lýstu reynslu sinni af samstarfinu við þá íslensku.

Miklar umræður áttu sér stað og ljóst er að mikill áhugi er á auknu samstarfi sem gaman verður að sjá hvernig þróast á næstu misserum.

Samantekt: Þorsteinn Sæberg



# Viðauki 2: Samvinnuverkefni Alberta og Íslands

## Málstofa Carolyn Freed um samvinnuverkefni milli Alberta og Íslands á uLead 2019

Carolyn Freed, fulltrúi kennara- og stjórnendaskipta hjá Kennarasamtökum Alberta í Kanada (ATA), hélt skemmtilegan fyrirlestur um kennara- og stjórnendaskipti milli Kanada og annarra landa víðs vegar um heiminn. Þaðan ber hæst að nefna nýtilkomið samstarf kennarasamtaka Alberta og Íslands. Samstarf milli landanna tveggja hófst þegar leiðir Carolyn og Þorsteins, formanns Skólastjórafélags Íslands, lágu saman á uLead ráðstefnunni í Banff fyrir ári síðan, í apríl 2018. Þau unnu hratt og vel og úr varð að veturinn 2018/19 voru sex skólastjórar sem fengu tækifæri til að kynna því hvað kollegar þeirra í öðru landi eru að fást við.

Þrjú skólastjórar frá Alberta í Kanada voru paraðir saman við þrjú íslenska skólastjóra. Carolyn og Þorsteinn pössuðu upp á að para saman skólastjóra með svipaðar áherslur sem þau vissu að gætu átt samleið í starfi. Þar með eru skólastjórnarnir tveir sem paraðir hafa verið saman orðnir samstarfsfélagar í víðri merkingu þess orðs. Í október 2018 fengu íslensku skólastjórnarnir þrjú tækifæri til að heimsækja sína samstarfsfélaga í Alberta. Þeir fylgdu sínum samstarfsfélögum sem skugginn í einu og öllu þessar tvær vikur og gerðust til dæmis hluti af fjölskyldunni og tóku þátt í hverju sem fjölskyldan tók sér fyrir hendur auk þess að fylgja samstarfsfélaga sínum í vinnu.

Á málstofu Carolyn fengum við að heyra frá tveimur kanadískum skólastjórum sem tóku þátt í verkefninu og þeirra heimsókn til íslensku samstarfsfélaga sinna nú á vormánuðum 2019. Þeir voru hæstánægðir með dvöl sína hér landi og kunnu íslenskum félögum sínum miklar þakkir fyrir svo og Carolyn og Þorsteini fyrir að skapa þeim tækifæri til þess að njóta þessarar einstöku upplifunar.

Kennarasamtökin í Alberta eru með samskonar samstarf milli bæði skólastjóra og kennara í fjölmörgum löndum. Annars vegar er boðið upp á stutt tveggja vikna skipti þar sem kennari/skólastjóri fylgir samstarfsfélaga sínum í viðkomandi landi eftir eins og skugginn. Hins vegar hafa ævintýrasæknir kennarar/skólastjórar tækifæri til að skipta við samstarfsfélaga sinn á heimili og vinnustað í heilt ár. Slíkt samstarf milli Ástralíu og Kanada hefur gengið í áratugi og mælst afar vel fyrir.

Þó nokkrir sátu málstofu Carolyn sem gefur til kynna að almennt eru kennarar/skólastjórar spenntir fyrir þess konar tækifærum. Þeir sem þarna sátu höfðu áhuga á að auka víðsýni, læra frá öðrum og hleypa nýju lífi í skólasamfélag nútímans með því að kynna mismunandi menningarheimum og starfi kollega sinna frá öðrum heimshornum. Öll erum við að fást við það sama á mismunandi hátt. Hvar sem er í heiminum er skólastarf á hraðferð breytinga og aðlögunar að nýjum samfélagsgerðum og þeim áskorunum sem þeim fylgja. Stjórnenda-/kennaraskipti sem þessi eru gullið tækifæri til að sjá það besta hjá öðrum, sameina það því sem vel er gert heima fyrir og þannig skapa framúrskarandi skólastarf með því besta frá mismunandi menningarheimum.

Samantekt: Hjördís Albertsdóttir

## Viðauki 3: ALICE

**Málstofa á uLead 2019:** Alberta-Iceland: Navigating the risk outdoor free play self regulation

**Fyrirlesari:** Dr Phil McRae og skólastjórnendur og annað starfsfólk þriggja kanadískra dreifbýlisskóla.

### Meginefni erindis

Á einni málstofunni á **uLead 2019** kynntu þrjú litlir „dreifbýlisskólar“ (e. small rural schools) frá Albertafylki í Kanada samstarf sitt í íslenska grunnskóla (skólaárið 2018-2019) sem hluta af starfendarannsókn um áskoranir í kennslu á heimsvísu. Markmiðið með slíku samstarfi við að hjálpa skólunum að endurskilgreina sig og læra af skandinavíska skólalíkanu.

McRae kynnir fyrst meginhugmyndina um þetta samstarf sem leiddi til samstarfs þriggja skóla við Ísland. Kynnir starfendarannsóknir sem heppilega aðferðafræði sem eco stjórnun (down>up stjórnun) í stað ego stjórnunar (up>down stjórnun). Leggur áherslu á umsnúning skólakerfisins (e. Flip the system), þ.e. að fara úr **up>down stjórnun** í **down>up stjórnun**. Þurfum að fara frá ego-system í eco-system. Telur íslenska skóla mikið down>up skólakerfi og sé andstæðan við GERM (e. global education reform movement, sjá [sjónarmið](#) Pasi Salberg sem er höfundur heitisins). Einkenni eco kerfis er samkvæmt McRae:

- Samvinna í gegnum langvinn tengsl (e. Collaborative through resilient networks)
- Fjölbreytt nám (e. Differential learning)
- Traustmiðuð fagmennska (e. Trust based professional responsibility)
- Öflugt opinbert skólakerfi (e. Strong public system)

Það var ástæðan fyrir að hafið var samstarf við Norðurlönd og að koma á samstarfi kanadískra skóla, m.a. gagnkvæmar heimsóknir kennara og nemenda milli landanna til að kynnast norræna líkaninu. Kallast ALICE samstarfið, ALberta-ICEland sem þriggja paraskóla samstarf.

Koma frá þremur skólum í Albertafylki, syðst, frá miðsvæði og nyrst í Alberta. Settu þessar „strategíur“ eða leiðarljós fyrir þátttöku í verkefninu (ALICE):

1. Hugsaðu fram í tímann (e. Think ahead)
2. Miðlaðu innan skóla/samfélags (e. Deliver within)
3. Leiddu áfram (e. Lead across)

Hugmyndin að vinna saman, ekki bara innan skóla eða fylkis heldur heimsumlykjandi. Unnið með eftirfarandi þætti eftir skólaárum:

- Ár 1 (2018-2019): Hvað býr til góðan/frábæran skóla fyrir alla?
- Ár 2 (2019-2020): Hvað með það?
- Ár 3 (2020-2021): Hvað núna?

Rætt um íslenska skóla sem hefur í huga Kanadamanna ímyndina að vera:

1. Jákvæðni gagnvart umhverfinu – miklir gluggar, list, útsýni í íslenskum skólum.
2. Mikil umhyggja fyrir nemendum – sýnir matardisk sem skólamáltíðir.
3. Gefinn tími til að hittast, félagsleg virkni í skólastarfinu frekar en einstaklingshyggja.
4. Áhugaverð leiksvæði, opin svæði, krakkar fá að leika sér í opnu rými, utan skólalóðar.

McRae ræðir um minni frjálsan leik barna, aukna áherslu á stafrænt umhverfi (tölvunotkun heima og minna úti að leika sér). Sýndi skemmtilega mynd um leiksvæði þriggja kynslóða 8 ára barns sem bjuggu í sama umhverfi í Englandi. Myndin sýnir hve „umráðasvæði“ barns minnkar ótrúlega með hverri kynslóð. Síðan tók við panel þeirra sem fóru til Íslands og segja frá því sem þeir hafa lært af þessu samstarfi.

Fox Creek skólinn, lítill skóli sem fannst mikill heiður að komast í þetta samstarf og hafði mikil áhrif fyrir samfélagið. Alls um 320 nemendur í skólanum. Ræðir um leiksvæði barna að leika sér úti í náttúrunni. Hvað það var lítil hræðsla við náttúruna á Íslandi. Þriggja ára samstarf þar sem eitt ár er búið. Hefur verið mjög gefandi. Líka nemendaskipti. Snýst um lærdóm kennara og nemenda.

Banded Peak skólinn er annar lítill skóli. Kynnir Heiðarskóla í Borgarfirði og sundlaugarferð. Ræðir einnig máltíðir í skólanum, allir að borða saman. Sáú áherslu á samvinnu og leik í náttúrunni. Miklir gluggar til staðar. Hvernig skólahúsnæðið var hannað fyrir samvinnu fannst þeim áhugavert. Mikil áskorun að sjá hvernig væri hægt að nýta þá mikilvægu reynslu sem fékkst í ferðum til Íslands? Ferðin til Íslands gaf til kynna að það væri hægt að gera betur til að efla tengsl og samvinnu væri lærdómurinn. Ræða einnig um aukið samstarf við „natives“ sem afrakstur ferðarinnar. Einnig að það á að búa til nýja skólalóð. Farnir að gefa mat í skólanum, aðallega ávexti. Íslendingar komu í heimsókn og lærðu um kennsluaðferðir.

New Norway school segir frá sinni reynslu. Veltu aðallega fyrir sér hvað býr til góðan skóla fyrir alla. Vildu skoða leiðtogaáherslur sínar, einnig meðal nemenda og starfsmanna. Mikil kynning með glærum í forriti sem ég þekki ekki. Átta nemendur og tveir kennarar fóru til Íslands. Þjuggu heima hjá íslensku nemendunum. Héldu fundi með nemendum um það hvað þau vildu í hvoru landi fyrir sig. Segja frá því að nemendur þeirra skipulögðu íslensku heimsóknina og buðu upp á öðru vísi kennslu í sínum skóla. Sýnt vídeó af heimsókn á búgarð íslenska hópsins í Kanada og viðtöl við nemendur beggja landanna um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs: Skóli fyrir alla var að mati nemenda þar sem umhyggja, vinátta var til staðar og ekkert einelti á sér stað.

### Upplifun erindis og sjónarmið þátttakanda á málstofunni

Mér fannst málstofan áhugaverð frá þessum þremur dreifbýlisskólum í Albertafylkinu sem hafa verið í samstarfi við íslenska skóla, valdir með tilliti til þess að þeir dreifust um fylkið (suður, mið, norður). Hver skólinn heimsótti einn skóla á Íslandi (Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit og Foldaskóli og Hagaskóli í Reykjavík). Kanadískir unglingar fóru til Íslands og íslenskir unglingar til Kanada á þessu skólaári sem nú er að ljúka. Verkefnið heldur áfram næstu tvö skólaár fyrir kanadísku skólana (hvað upplifðu/lærðu þeir, hvað ætla þeir að gera við þetta og hvernig koma nýjum áherslum á framkvæmd) sem hluti af stærra verkefni hjá kennarasamtökum Albertafylkis. Upplifun þeirra af íslenskum skólum var að flestu leyti jákvæð, bæði gildi þessa verkefnis fyrir eigin skóla og að koma í íslenskt skólaumhverfi. Það sem ég tók út úr umræðu þeirra var að þeim fannst skólabyggingin og -lóðin íslenska áhugaverð út frá ýmsum þáttum. Það var hvað húsnæðið væri fjölbreytt og lóðin væri opin og börnin hefðu mikið frelsi í umhverfinu. Aldrei séð svona mikinn fjöldi glugga á skóla sem opnaði fyrir sýn á umhverfið. Það væri falleg hönnun í gangi svo jafnvel sæjust listaverk (listamanna í þessum skilningi en ekki nemenda þótt þeirra væri áhugaverð líka) á veggjum sem kölluðu fram nýja upplifun („skólinn var eins og Guggenheimsafn“ eins og það var orðað í málstofuerindinu). Þessi opna skólalóð gæfi börnunum frelsi til að upplifa og komast í nánari snertingu við náttúruna en kanadískar skólar byðu upp á. Íslensku börnin lærðu af reynslunni að varast hættur sem væri eitthvað annað en kanadískir skólar stæðu frammi fyrir (að skólalóðin væri mjög afmörkuð, engar „hættur“ mættu vera til staðar þar og hægt væri að lögsækja þá ef eitthvað kæmi fyrir). Þá fannst þeim mjög áhugavert að allir nemendur borðuðu hádegisverð hvern skólalag í skólanum. Allt þetta ætluðu kanadískir skólarnir að nýta sér til að breyta hjá sér, t.d. skólalóðum, samfélagsáherslum og skólahefðum.

Samantekt: VH

## Viðauki 4: Heimsókn

### Heimsókn í nýtt bókasafn í Calgary

Við félagarnir heimsóttum bókasafnið í Calgary, sem var stofnað í nóvember 2018, en safnið er í raun miklu meira en safn því það nær til menningar-, ráðgjafar- og fræðslustarfsemi fyrir fólk á öllum aldri. Þegar við heimsóttum safnið sáum við nokkrar nemendahópa með kennurum sínum. Við sáum einnig fólk taka þátt í lýðræðisverkefni Calgary, atvinnuleitendur sem fengu ráðgjöf við atvinnuleit í tölvuveri, virkniverkefni í litlum fundarherbergjum, unga foreldra með börnin sín, fólk á öllum aldri að vinna í tölvu, fólk að njóta samveru á kaffistofunni og unglunga að lesa og ræða saman á unglingasvæði sem aðrir hafa ekki aðgang að. Einnig sáum við börn í leik á innanhússleiksvæði og börn að tefla svo eitthvað sé nefnt. Þá er daglega boðið upp á námskeið í t.d. Excel, Word, leit á netinu, google-drive o.s.frv. Á safninu er sérstakt herbergi tileinkað frumbyggjamenningu Kanada og ánægjulegt var að sjá þá nýta sér þá fjölbreyttu þjónustu sem í boði er í húsinu.

Öll hönnun og umhverfi safnsins er til mikillar fyrirmyndar og andinn þar inni afar góður enda var fólk á öllum aldri þar saman komið í ýmsum rýmum. Myndirnar tala sínu máli og við bendum áhugasömum á heimasíðu safnsins <https://calgarylibrary.ca/>

Hafsteinn Karlsson

Þorsteinn Hjartarson

## Viðauki 5: Íslensku þátttakendurnir

